

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

DESEMBER 2009

12. tbl. 16. árg.



S. 581 15 15

3 staðir 1 símanúmer

Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6



Jóla Brenna

HÆSTI VINNINGUR
kr. 1.500.000

VINNINGUR VINNINGUR VINNINGUR VINNINGUR

Þessi jóla brenna er
skiptingamynd sem er
afrit af myndinni
sem er á vefnum
www.jolabrenna.is
og hefur 12
vinningaþætti.

12
þætti
þessir eru
skiptingamyndir
sem eru á vefnum
www.jolabrenna.is
og hefur 12
vinningaþætti.

- bls. 4-5
Viðtal við
Raggý Björg
Guðjónsdóttur,
framhaldsskóla-
kennara



Gleðileg jól

Nokkur krakkanna úr Vinagerði í heimsókn hjá félagsstarfinu í Gerðubergi. Macintosh dósin vakti greinilega athygli en þegar betur var athugað reyndist hún full af garni. Það kom þó ekki að sök og skemmtu þessir strákar sér vel við að skoða handavinnuna.

Mynd. ÁHG.

Kynslóðirnar saman í anda jólanna

Fjögurra ára krakkar úr leikskólanum Vinagerði komu í heimsókn til félagsstarfsins í Gerðubergi á dögunum.

Heimsóknir krakkanna úr þessum leikskóla sem er í Bústaðahverfinu er þáttur í því samstarfi sem efnt hefur verið til af félagsstarfinu í Breiðholti og miðast við að kynslóðir hinna eldri og yngri

hittist með reglubundnum hætti og miðli hvor annarri af æskufjöri þeirra ungu og reynslu og yfirvegun þeirra sem lengra líf eiga að baki. Krakkarnir í Vinagerði njóta þess að læra táknnál og geta þannig átt samskipti við heyrnarlausna en félagsstarfið í Gerðubergi á í samstarfi við Félag heyrnarlausra og er heyrnarskert fólk þátttak-

endur í félagsstarfinu þar. Guðrún Jónsdóttir, forstöðumaður félagsstarfsins í Gerðubergi, segir heimsóknir Vinagerðiskrakkanna sérstaklega ánægjulegar og dæmi um hvað gera megi til þess að tengja ólíka þjóðfélagshópa. Þarna hafi kynslóðirnar komið saman í anda jólanna.

Lyfjaval

A P Ó T E K
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD

BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10-23 alla daga



**Big
papas
pizza**

Mjódd
800-9999

Opið
16 - 22

bigpapas.is

Fullt af tilboðum
Besta verðið
Frábærar pissur
100% Ísl. ostur



Apótekið í Hólagarði er opið:
mán-föst: 10-18, laugardaga: 10-14

 **Apótekið**
lægra verð

Grafarvogi • Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri

Allt í hátíðarmatin

Íslenskt hreindýrakjöt í úrvali - kalkúnn

Hólsfjallahangikjöt - hamborgarhryggur



Pín verslun

SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788

- á traustum grunni

*Eina kjötborðið
í Breiðholti*

**gæði
úrval
þjónusta**

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík

Sími: 511 1188 • 561 1594

Fax: 561 1594

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson, Sími 551 1519, 893 5904

Netfang: thord@itn.is

Auglýsingasími: 511 1188 • 561 1594 • 895 8298

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Íslandspóstur

12. tbl. 16. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift fritt í öll hús í Breiðholti

Breyttir verslunarhættir

Þegar líður að jólum fer fólk að huga að innkaupum. Vegna þeirra áfalla sem íslenskt samfélag hefur orðið fyrir og afleiðinga þeirra á efnahag og kaupgetu má gera ráð fyrir nokkrum breytingum á jólaverslun – einkum þeim að fólk leitar ódýrari leiða til að undirbúa dagamun og gleðja vini og vandamenn með gjöfum. Vart hefur orðið aukins áhuga á handverki og heimgæðum munum og svo virðist sem fólk taki nú að bera meiri virðingu fyrir einfaldleika veraldlegra hluta en á meðan flóði af gnægtaborði þeirrar græðgi sem reið um land og lýð í upphafi nýlega hafinnar aldar.

Önnur merki um nýjar leiðir í innkaupum kemur fram í áhuga þess að geta verslað í meiri nánd við heimili sín en áður. Á undanförunum árum og áratugum hefur þróun verslunar einkennst af stórverslunum sem reistar hafa verið í útjörðum byggða. Stórverslanastefnan hefur leitt til aukinnar bílaumferðar og eyðslu eldsneytis þar sem jafnan er gert ráð fyrir að fólk komi akandi til þess að fara í búðir – oft um langar leiðir. Í ljósi síhækkandi eldsneytisverðs, hækkandi rekstrarkostnaði ökutækja og umræðna um kolvetnisútblástur, svifryk og önnur neikvæð áhrif bílamenningarinnar er fólk farið að líta til annarra leiða.

Á kynningarfundum um skipulagsmál, sem haldinn var í Breiðholti á dögunum, urðu umræður um hvort unnt væri að endurreisa þá verslunarkjarna í hverfinu sem orðið hafa stórverslanabylgjunni að bráð. Þetta eru athyglisverðar hugmyndir en vekja einnig upp hugsun um að Breiðholtið á sinn miðbæ og verslanakjarna sem hafa lifað. Mjóddin – miðbær Breiðholtsins hefur verið að vaxa og eflast og þar er nú að finna öfluga verslunarstarfsemi auk margvíslegrar þjónustu af ýmsum toga. Í Hólagarði er einnig að finna fjölbreytta verslunar- og þjónustustarfsemi auk annarra verslana sem starfa í Breiðholti.

Full ástæða er til þess að minna íbúa Breiðholtsins á þessar verslanir og verslunarkjarna nú í miðju jólaundirbúningsins en einnig að vekja athygli á þeim umræðum sem orðið hafa um endurreisn verslunarstarfsemi í Breiðholti. Nú þegar fólk hugar að sparnaði – og þá ekki síst að kostnaði við ökutæki er tækifæri til þess að athuga möguleika á nýrri uppbyggingu. Spurning er hvort þær þjóðfélagsaðstæður sem nú hafa skapast muni kalla á breytta verslunarhætti. Vera má að gamla slagorðið um að versla í heimabyggð, sem lengi hefur hljómað á landsbyggðinni eigi nú einnig við í Breiðholti.

Breiðholtsblaðið

Óskum Breiðholtsbúum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.



Kjartan Magnússon, formaður Menntaráðs Reykjavíkur afhendir fyrsta vestið í Breiðholti ásamt fulltrúum lögreglunnar.

Reykjavíkurborg gefur endurskinsvesti

Öll grunnskólabörn í Reykjavík fengu endurskinsvesti að gjöf frá borginni í nóvember. Um er að ræða stærsta umferðaröryggisátak, sem efnt hefur verið til í þágu skólabarna í borginni, en alls var tæplega fimm þúsund vestum dreift. Átakið er liður í þeirri viðleitni Menntaráðs Reykjavíkur að auka umferðarfræðslu í skólakerfinu. Þrátt fyrir stöðugan áróður fyrir endurskinsmerkjum, er of stór hluti skólabarna, sem gengur daglega til og frá skóla án þeirra. Með því að gefa börnum endurskinsvesti og endurskinsmerki, tekst vonandi að stórauka notkun á þessum mikilvæga en ódýra öryggisútbúnaði.

Kjartan Magnússon, formaður ÍTR segir að börnin verði hvött til að nota vestið á leið til og frá skóla og við önnur tækifæri til dæmis á leið í tómstundastarf, svo þau sjáist betur í umferðinni á dimmustu mánuðum ársins sem nú fara í hönd. Hann segir mikilvægt að foreldrar fylgist með því hvort börn þeirra séu sjáanleg í umferðinni og að þeir séu sjálfir til fyrirmyndar með því að nota endurskinsmerki. Auka megi öryggi allra í umferðinni margfalt með því að nota þessi einföldu og ódýru öryggistæki sem endurskinsvesti og endurskinsmerki eru. Börn sem eru með endurskin sjást fimm sinnum fyrr en ella og börn í endurskinsvestum sjást enn betur. Efnt var til sérstakrar athafnar í Hólabrekkuskóla þegar Kjartan Magnússon, formaður Menntaráðs Reykjavíkur, afhenti börnum í 1. til 3. bekk vestin ásamt lögregluþjónum úr hverfinu. Börnin vígðu síðan endurskinsvestin með því að ganga yfir Austurberg. Myndirnar með fréttinni voru teknar við það tækifæri.



Nemendur í Hólabrekkuskóla vígðu endurskinsvestin með því að ganga yfir Austurberg í fylgd lögreglunnar og Kjartans Magnússonar, formanns Menntaráðs Reykjavíkur.



Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:

511 1188 &

895 8298

borgarblod@simnet.is

2/1

Á GLERAUGUM

SJÓNMEIÐINGAR
LÍNUSMÁTUN
Sími: 534 2661

GLERAUGNAVERSLUN
GARDABÆJAR

Sælkeramatur úr Þinni Verslun

Íslenskt
hreindýrakjöt
í úrvali



Sauðahangikjötið komið!
Veturgamalt og
tvíreykt fullorðið

villigæsir
ferskir kalkúnar
kalkúnabringa
hamborgarahryggir

KEA hangikjöt
sauðahangikjöt
hreindýrakjöt

dádýrakjöt
nautasteikur
rifjasteik
Hólsfjallahangikjöt



svínabógar
ný svínalæri
reykt svínalæri
reyktur lax
grafinn lax

reyktur silungur

jólasíld
magáll
reyktur svínabógur
laufabrauð
parmaskinka
pate í úrvali
Húsavíkurhangikjöt
krónhjartarkjöt o.fl.

Pantið jólamatinn tímanlega!



Strútur



Villigæs



Krónhjartarfillet



Ferskur kalkúnn
Pantið tímalega



Kassi af
Klemenrtinum
2,3 kg 699 kr

Hamborgar-
hryggur
verð frá kr.
998 kg.

*Gleðileg jól
og
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu.*



V I Ð T A L I Ð

Hátt til lofts og vítt til veggja í Hólunum

Raggý Björg Guðjónsdóttir, framhaldsskólakennari spjallar við Breiðholtsblaðið að þessu sinni. Hún er varaformaður Hverfisráðs Breiðholts, formaður Félags Sjálfstæðismanna í Hóla- og Fellahverfi, varaformaður Neytendasamtakanna og formaður Félags lífsleiknikennara. Eiginmaður hennar er Ágúst Einarsson.

“Ég kem úr Vesturbænum þar sem ég ólst upp. Ég er Vesturbæingur í húð og hár en ég tengdist Breiðholtinu snemma. Ég kom oft þangað sem krakki að heimsækja frændsystkini mín og fékk strax góða tilfinningu fyrir hverfinu. Við vorum líka nokkur - krakkar úr Hagaskóla sem vorum nýjungagjörn og vildum reyna nýja leið í framhaldsskóla. Í stað þess að sækjast eftir skólavist í MR eða í MH eins og margir úr Vesturbænum gerðu þá sóttum við um skólavist í FB í Breiðholti. Nýju brautirnir heilluðu okkur og það skólakerfi sem FB starfar eftir. Kostirnir við áfangakerfið veittu ákveðið frelsi – frelsi til að velja úr fjölbreyttum áföngum og ráða einnig námshraðanum. Þetta hentaði okkur ágætlega því við vorum flest nokkuð sjálfstæð og höfðum skoðanir á hlutunum. Við tókum oftast strætó frá Hringbrautinni við Þjóðminjasafnið. Okkur þótti ekkert til-tökumál að fara upp í Breiðholt í Menntó. Við vorum líka stundum með bíla og skiptumst þá á um að leggja til bíl og aka þannig að við vorum oftast fjögur eða jafnvel fimm í sama bílunum – nokkuð sem farið er að ræða um að gera meira af í dag vegna vaxandi umferðar og mengunar sem hún hefur í för með sér,” segir Raggý Björg Guðjónsdóttir. Þótt Raggý sé Vesturbæingur liggja rætur hennar út fyrir borgarmörkin. Annars vegar austur undir Eyjafjöllum þaðan sem faðir hennar Guðjón Andrússon er ættadur en móðir hennar Árna Steinunn Rögnvaldsdóttir á ættir sínar að rekja til Setbergsættarinnar í Hafnarfirði.

Með Reykjavík fyrir framan sig

“Ég hugleiddi Breiðholtið þó ekkert sérstaklega umfram aðrar byggðir fyrr en aðstæður höguðu því þannig til að ég fluttist þangað,” segir Raggý. “Þegar ég flutti fann ég strax að gömlu tengslin voru enn fyrir hendi og eflust þegar ég var farin að búa hér. Þegar ég flutti hingað í Rituhólana bjó Stefán Andrússon, sem var gamli áfangastjórinn minn úr FB, í götunni þannig að ég þekkti strax einhvern nágranna. Breiðholtið var þá þeg-

ar á góðri leið með að verða miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu og er löngu orðið það í dag. Héðan er stutt að fara í flesta þá afþreyingu sem maður sækist eftir. Skammt er í Elliðaárdalinn. Rjúpnahæðin er hér fyrir ofan og svo er stutt í hesthúsin og á golfvöllinn.

Við hjónin spilum golf upp í Grafarholtinu og Korpúlfsstöðum og Ágúst maðurinn minn hefur verið með hesta. Það er ómetanlegt að geta verið með áhugamál á borð við þau svo skammt undan – að þurfa ekki að aka langar leiðir til að sinna þeim eftir vinnudag í öðrum borgarhluta. Við veltum nokkuð fyrir okkur á sínum tíma hvort við ættum að búa hér eða vestur í bæ. Auðvitað togaðist það á í mér og mestu skipti þar um að Marta tvíburasystir mín býr Vestur í bæ en við erum mjög samrýmdar og eigum mörg sameiginleg áhugamál ekki síst borgarpólitíkina. Fjarlægðin kemur þó ekki í veg fyrir dagleg samskipti okkar á milli. Breiðholtið varð ofan á og ég sé ekki eftir því.” Raggý gengur út að stofuglugganum heima hjá sér og litast um. “Hér höfum við næstum alla Reykjavík fyrir framan okkur – rétt eins og á landakorti. Við fylgjumst með skemmtiferðaskipunum úr eldhúsglugganum og héðan er eins auðvelt að fylgjast með mannlífinu og að vera þátttakandi í því. Það er hátt til lofts og vítt til veggja í Hólunum.”

Byggðamiðjan hefur færst í austur

Raggý segir að hverfismyndin og hverfishugsunin hafi stöðugt verið að taka á sig fastmótaðri mynd. Hverfið sé nú um fjögurra áratuga gamalt en ekkert sé óeðlilegt að það taki um hálfa öld að móta íbúahverfi eða bæjarmynd á borð við Breiðholtið endanlega. Tvær til þrjár kynslóðir þurfi til þess og fólk sé farið að líta á sig sem Breiðhylltinga hvort sem það hefur fluttst í hverfið eða sé fætt þar og uppalið. “Það hefur færst í aukana að kynslóðir sem ólust hér upp og fluttu burtu eru að flytja aftur í gamla hverfið sitt hér í Breiðholtinu. Það er mjög skiljanlegt því Breiðholtið er mjög vel staðsett í borgarlandinu og það er eftirsóknarvert fyr-



Raggý Björk Guðjónsdóttir í garðinum heima í Rituhólunum með Elliðaárdalinn í baksýn.

ir fólk að búa hér því það er svo margt sem hverfið hefur upp á að bjóða.” Raggý bendir á mjög öflugt félagslíf sem hefur þróast í Breiðholti og segir að almenn þjónusta hafi verið að aukast þótt hún mætti vera meiri og þá einkum út í hverfunum. “Mjóddin sem er annar miðbær Breiðholtsins hefur verið að eflast og þangað hefur ýmis þjónusta komið á undanfórnum árum. Ég get nefnt þá miklu heilsu- og heilbrigðisþjónustu sem þar er að finna og margvíslega verslunarstarfsemi sem hefur verið að eflast á undanfórnum árum.” Raggý segir tilfinningu fyrir byggðamiðju jafnan byggjast á huglægu mati. “Fyrir mér er miðjan löngu farin úr Kvos-

inni og af Laugaveginum þótt þar sé og verði hina gömlu Reykjavík ávallt að finna. Borgarmiðjan hefur færst til austurs en stundum lítur fólk á vinnuumhverfi sitt sem miðju byggðar og ég get ímyndað mér að það eigi einkum við um fólk sem starfar innan gömlu miðborgarinnar.”

Stórir og skemmtilegir garðar

“Ef til vill áttu fyrri kynni mín af Breiðholtinu þátt í að ég fór fljótlega að skipta mér af málefnum þess. Mér fannst ég þekkjá ágætlega til í Breiðholtinu en naut þess einnig að koma utan frá því þá er

auðveldara að sjá hlutina í öðru og ef til vill nýju ljósi. Þegar ég flutti í Breiðholtið höfðu sumar af þeim hrakspám sem gerðar höfðu verið um þessa nýju byggð í Reykjavík hrunið. Fólk hélt að gróður myndi eiga erfitt uppdráttar í hæð Breiðholtsins frá sjó og að tré myndu ekki ná að vaxa. Þetta er auðvitað víðs fjarri vegna þess að meiri grósku er óvída að finna í borginni sem stafar meðal annars af því hversu Esjan skýlir byggðinni vel fyrir norðanáttinni. Garðarnir hér eru bæði stórir og skemmtilegir.” Raggý segist smám saman hafa farið að átta sig á þeim möguleikum sem felast í Breiðholtinu og í framhaldi þess farið að benda á hvað betur mætti fara. “Eitt af því sem ég fór að íhuga hér við stofugluggann á meðan ég var að horfa á útsýnið var af hverju engin útsýnisskilti væru í Breiðholtinu þaðan sem sér svo vítt til veggja. Þegar ég hafði tekið sæti í hverfisráðinu var eitt af mínum fyrstu verkum að koma á framfæri hugmynd um útsýnisskilti og vinna að framgangi hennar. Nú er búið að setja útsýnisskilti upp á þremur stöðum og ég vona að fleirum verði komið upp. Þetta er bara byrjunin að mínu mati og ég sé fyrir mér að koma megi upp slíkum skiltum allan hringinn í kringum hverfið í framtíðinni. Ég hef líka verið að beita mér fyrir betri umgengni og fegrun í hverfinu og eitt af því sem ég beitti mér fyrir var að fá litskrúðugri gróður bæði í beð og blómaker. Nú er búið að koma slíku upp við allar helstu leiðirnar inn í hverfið þar sem blómaker bjóða vegfarendur velkomna.”

Íbúarnir sjálfir með bestu hugmyndirnar

“Ég tók líka að mér formennsku í Félagi sjálfstæðismanna í Hóla- og Fellahverfi og við í félaginu höfum beitt okkur fyrir umhverfisverkefni á hverju sumri. Eitt af því er baráttan við veggjakrotið sem er vægast sagt ákaflega hvítleitt. Við sögðum veggjakrotinu stríð á hendur fyrir tveimur árum. Við gerðum það með þeim hætti að bjóða fólki aðstoð við að þrifa veggjakrot og mála yfir það hafnhraðan og það birtist. Ef veggjakrot fær ekki að standa óáreytt þá gefast

Ekki borga

15.000 kr.
að óþörfu!

AS 09 08 00

Þann 1. janúar n.k. leggst 15.000 kr. vanrækslugjald á óskoðuð ökutæki með endastafinn 0 í númeri.

Vegna mikillar aðsóknar í lok mánaðar er óvíst að hægt sé að sinna öllum skoðunarbeiðnum. Forðastu óþarfa kostnað og óþægindi með því að draga ekki fram á seinustu daga mánaðarins að fara með bílinn í skoðun.

Aðalskoðun

www.adalskodun.is

Skoðunarstöðvar:

Reykjavík
Skeifunni 5
Sími 590 6930

Hafnarfjörður
Hjallahrauni 4
(við Helluhraun)
Sími 590 6900

Kópavogur
Skemmuvegi 6
(bleik gata)
Sími 587 3344

krotararnir upp. Þeir nenna ekki að koma á hverri einustu nóttu til þess að endurskapa verk sín eða öllu heldur þann óskapnað sem þeir koma fyrir á veggjum og göflum. Þessi barátta okkar bar árangur og mun minna ber á veggjakroti í Hólahverfinu en áður. Ég veit til þess að bæði íbúar og félagasamtök hafa látið til sín taka í fegrun og hreinsun Breiðholtsins sem sýnir best hversu fólki er annnt um hverfið sitt.” Raggý segir að virk þátttaka íbúanna sjálfra skipti sköpum í öllu tilliti, íbúarnir sjálfir viti oftast best hvað gildir og eiga að vera duglegir að koma ábendingum og hugmyndum um hverfið sitt á framfæri.

Sinnuleysið bitnaði á íþróttalífinu

Raggý segir að Breiðholtið hafi gleymst um tíma. Reykjavíkurborg hafi ekki sinnt þessu stóra hverfi sem skyldi. “Þetta á eflaust rætur í þeim tíma þegar hverfið var næstum fullbyggt og borgaryfirvöld farin að skipuleggja ný hverfi og leggja áherslu á uppbyggingu þeirra. Ég held að þetta sinnuleysi ef má orða það þannig hafi ekki síst bitnað á aðstöðu til íþróttar og íþróttalífs. Það mikilvægasta í hverju hverfi er góð aðstaða til íþróttar því íþróttafélögin eru svo stór hluti af hverfisandanum. Ef öflugt íþróttafélag og góð aðstaða til íþróttar er ekki til verður erfitt að byggja upp jákvæðan hverfisanda. Ég þekki þetta úr Vesturbænum þar sem KR hefur verið miðja mannlífsins í áratugi. Á undanförnum árum hefur þó orðið mikil breyting á þessu hvað Breiðholtið varðar. Mikil uppbygging hefur orðið á ÍR svæðinu og bygging Leiknishússins hefur skipt sköpum fyrir Leiknismenn og allt Efra Breiðholtið. Margir hafa komið að þessum málum og unnið gott starf en ég held að á engan verði hallað þótt ég nefni Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson í þessu sambandi. Vilhjálmur hefur búið í Breiðholtinu í áratugi

og hefur í störfum sínum fyrir borgina unnið mikið að framfaramálum í hverfinu.”

Skólastarfið í blóma

“Og ég get nefnt fleira. Margvíslegt félagsstarf hefur verið að eflast að undanförmu og ég held að Breiðholtið standi mjög framarlega í dag hvað það varðar. Hér er heilmikið að gerast og skólastarfið er í blóma. Ekki bara í mínum gamla skóla FB þar sem glæsilegt húsnæði var tekið í notkun á liðnu hausti heldur í öllum skólum – leikskólum jafnt sem grunnskólum og öðrum stofnunum sem sinna fræðslu með einhverju móti. Maður finnur fyrir miklum krafti og áhuga í þróun skólastarfsins. Verið er að vinna að ýmsum áhugaverðum þróunarverkefnum í skólunum sem eru til þess fallin að auka gæði skólanna.” Raggý segir að hverfisandinn sé annar en var. “Fólkið hefur verið að þjappast saman. Breiðholtsvikan – hverfishátíðin á haustin er gott dæmi um þann árangur sem hefur náðst og nú eru Árbæingar búnir að taka þennan sið upp eftir Breiðhylltingum. Ég finn fyrir mikilli breytingu frá því ég flutti fyrst í hverfið. Mér finnst ég finna mun sterkari hverfisanda og stolt íbúanna í garð hverfisins og byggðarinnar. En þarna leggst margt á eitt.”

Tvær miðjur og frístundastrætó

Raggý bendir á að Breiðholtið sé í raun þrjú mismunandi hverfi og finna þurfi leiðir til þessa að tengja þau betur saman. “Við þurfum að huga að samgöngumáta á borð við frístundastrætó. Tvær miðjur eru í Breiðholtinu. Mjóddin og síðan Austurbergið sem er eins konar miðbæjargata hverfisins þar sem margar stofnanir og margvísleg þjónusta er til staðar. Við Austurbergið eru tveir stórir skólar; Hólabrekkuskóli og FB, Breiðholtslaug

og Leiknissvæðið. Hinum megin götunnar er Gerðuberg – menn-ingarmiðstöð og félagsstarf, ungmenningarfið í Miðbergi, Heilsugæsla og fleira. Ég hef stundum sagt að rífa þurfi hvíta húsið sem byggt var sem verslunarhús og lokar torginu fyrir framan Gerðuberg á milli Tónskóla Sigursveins og heilsugæslunnar. Með því móti fengist opið svæði sem nýta mætti með margvíslegum hætti. Ég geri mér hins vegar grein fyrir að þetta hús hverfur ekki nema að Reykjavíkurborg festi kaup á því og það er kannski ekki aðstaða til þess í augnablikinu. En það er allt í lagi að láta sig dreyma um framfarir.”

Barnamenning í Gerðubergi

Raggý leiðir hugann að Gerðuberginu og framtíð þess sem menningarmiðstöðvar. “Ég held að nú sé tækifæri til þess að endurskoða starfsemi Menningarmiðstöðvarinnar í Gerðubergi. Hún hefur verið nær óbreytt í aldarfjórðung eða allt frá því að húsið var reist.

Húsið þarf að nýtast öllum aldurshópum vel og þá ekki síst börnunum og eldri borgurum. Ég hef látið mig dreyma um að helga mætti Gerðubergið barnamenningu en aðstaðan þar myndi nýtast vel til að koma viðburðum tengdum börnum og barnamenningu á framfæri sem kom í ljós þegar barnaleikrit var flutt þar á liðnu hausti en þá fylltist allt út að dyrum þar. Gerðuberg er í barnmörgu hverfi og því tilvalið að nýta þessa aðstöðu fyrir þau. Þar er þegar mjög öflugt félagsstarf sem eldri borgarar taka virkan þátt í. Ég held að við gætum tengt barnamenninguna starfi þeirra og nú er í gangi verkefni þar til tengja kynslóðirnar – hinna eldri og þeirra yngri. En fyrst og fremst þarf að huga að því með hvaða hætti má blása meira lífi í húsið þar sem mér hefur stundum fundist vera nokkuð tómlegt um að

litast. Með þessu er ég þó ekki að segja að Gerðuberg eigi eingöngu að vera fyrir Breiðholtið og Breiðhylltinga. Margmenningarhús á að geta nýst öllum Reykvíkingum og jafnvel íbúum höfuðborgarsvæðisins þótt það eigi einnig að nýtast vel þeim sem búa í nálægðinni.”

Óskir um nágrannavörslu í hverjum mánuði

Eitt af því sem Raggý hefur beitt sér fyrir í Breiðholtinu er nágrannavarslan. Hún segir þetta mjög spennandi verkefni og að Rituhólar, Starrahólar og Trönuhólar hafi verið með fyrstu götunum í Reykjavík þar sem nágrannavarsla var sett af stað. “Þetta hefur ekki einvörðungu með öryggi að gera. Nágrannavarslan þjappar fólki betur saman og gerir það meðvit aðra og upplýstara um umhverfi sitt.” Hún segir að nú sé búið að koma á nágrannavörslu í einstökum götum í öllum hlutum Breiðholtsins og hún hafi þegar sannað gildi sitt. “Nú fáum við í hverfisráðinu óskir í hverjum mánuði frá íbúum sem vilja koma á nágrannavörslu í umhverfi sínu. Vera má að fjölgun innbrota í íbúðahverfum eigi sinn þátt í þessu. Hverfisráðið sér um að kynna fólki hvað felst í nágrannavörslunni og aðstoðar við að koma henni á með formlegum hætti. Nágrannavarslan er ekki bara skilti við tiltekna götur heldur er um lifandi verkefni að ræða og þannig verður það að vera eigi að taka mark á því. Fólk verður að sinna þessu af áhuga eins og öðru sem það tekur sér fyrir hendur. En fólk kynnist líka í gegnum nágrannavörsluna og fer að hafa meiri samskipti. Það er misskilningur ef einhver heldur að nágrannavarslan felist í að fara inn til fólks. Góðir grannar geta auðvitað fengið hvor aðra til þess að líta eftir heimilum sínum með þeim hætti sem eflaust einhverjir gera en nágrannavarslan byggir fyrst

og síðast á eftirliti utan dyra. Fólk fer kannski og vökvar garðinn fyrir nágranna sína og ýtir blöðum inn sem standa út úr bréfalúgum en að afhenda nágrönnum lykla byggist á kunningsskap fólks og trausti þeirra í milli en ekki hinni formlegu nágrannavörslu eins og hverfisráðin kynna hana.”

Útíviðvera í Elliðaárdal

Annað af áhugamálin Raggýjar er svæðið neðan Stekkjarbakkans. Hún segir nauðsynlegt að laga það svæði. “Þetta svæði hefur verið illa hirt lengi og þarna mætti koma fyrir góðri útivistaraðstöðu fyrir fólkið í hverfinu og aðra þá sem eiga þarna leið um í gönguferðum um Elliðaárdalinn. Þarna má koma upp t.d. þúttvelli, frísbivelli en frísbí er farið að verða stöðugt vinsælla en síðast en ekki síst þyrfti að koma þarna upp leiktækjum fyrir börn og trimmtækjum fyrir fullorðna til að auka gildi útivistarinnar. Svo ætla ég að taka undir hugmyndina sem Birna Bjarnleifsdóttir hefur sett fram um að þarna megi koma upp náttúrulegu skautasvelli. Hugmyndin um útíviðveru neðan við Stekkjarbakkann hefur þegar fengið hljómgrunn í hverfisráðinu. Hugmyndinni hefur verið komið á framfæri og það er gaman að segja frá því að henni hefur verið vel tekið af þeim borgarfulltrúum sem ég hef rætt við. Skapa verður sátt um þetta svæði á meðal íbúanna og mér finnst að flestir eigi að geta sætt sig við svona hugmynd því hún gerir ekkert annað en að lyfta hverfinu upp, gera hverfið okkar eftirsóknarverðara og skemmtilegra. Elliðaárdalurinn er náttúruperla okkar Reykvíkinga og það eru forréttindi okkar Breiðhylltinga að fá að búa við dalinn. Við eigum að hlúa vel að þessari perlu sem við eigum og njóta hennar” segir Raggý að lokum.

SKATA

ÞÚ FÆRÐ SKÖTUNA, SALTFISKINN, HUMARINN, RÆKJURNAR OG LAXINN HJÁ OKKUR

FISKBÚÐ



HÓLMGEIRS

Opnunartími til jóla:

18. des. kl. 9 - 18:30

20. des. lokað

22. des. kl. 9 - 18:30

24. des. lokað

19. des. kl. 10 - 15

21. des. kl. 9 - 18:30

23. des. kl. 9 - 18:00

Vantar þig einstakar
jólagjafir?



Þú færð litil og stór listaverk
á góðu verði í Gallerí Grjót

Gallerí Grjót

Arnarbakka 2. Opið alla virka daga 14-18.
Nánari uppl. í síma 864 3140 eða á www.gallerigrjot.is

Gamaldags Ís



Smakkaðu 200 kr ís í brauði, miðstærð

Opið til 22:00 alla daga

Ísbúð Kópavogs
Nýbýlavegi 32

SUPER SUB
Nýbýlavegi 32

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: 511 1188 & 895 8298
borgarblod@simnet.is



Á myndinni eru m.a. Marta Guðjónsdóttir formaður nefndar um íslenskuverðlaun menntaráðs, Frú Vigdís Finnbogadóttir verndari verðlaunanna, Kristín Jóhannsdóttir skólastjóri Fellaskóla, Áslaug Brynjólfsdóttir f.v. fræðslustjóri ásamt nokkrum verðlaunahöfum.

Mörg íslenskuverðlaun í Breiðholtið

Margir nemendur úr Breiðholti fengu íslenskuverðlaun menntaráðs að þessu sinni en hátt í sjötíu grunnskólanemar í Reykjavík tóku við íslenskuverðlaunum við hátíðlega athöfn í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur á Degi íslenskrar tungu 16. nóvember.

Marta Guðjónsdóttir, formaður nefndar um íslenskuverðlaun menntaráðs, setti athöfnina en að því loknu hófst hátíðardagskrá með ávarpi frú Vigdísar Finnbogadóttur, tónlistaratriðum grunnskólanema og samsöng. Verndari verðlaunanna er frú Vigdís Finn-

bogadóttir, fyrrverandi forseti, en markmið þeirra er að auka áhuga grunnskólanema á móðurmálinu og hvetja þá til framfara í tjáningu talaðs máls og ritaðs. Grunnskólanemarnir sem tóku við verðlaunum að þessu sinni hafa skarað fram úr á ýmsa vegu, í lestrarfærni, skapandi skrifum, ljóðasmíði og framsögn. Nokkrir þeirra eiga annað móðurmál en íslensku en hafa sýnt miklar framfarir í íslenskunámi og tjáningu. Meðal verðlaunahafa eru fjórir drengir í Foldaskóla sem gerðu stuttmynd upp úr Hrafnkels sögu Freysgoða, ungir bókaormar og

sagnameistarar.

Allir fengu til eignar veglegan verðlaunagrip úr gleri sem hannaður er af Dröfn Guðmundsdóttur myndhöggvara. Þeir nemendur úr Breiðholti sem hluti verðlaun eru: Kormákur Atli Unnpórsson, Líska Börg Attensperger og Sara Jankovic úr Fellaskóla. Donika Kolica, Katla Dögg Sævaldsdóttir og Phatthariya Wongsabut úr Hólabrekkuskóla. Bryndís Elín Halldórsdóttir, Dziugas Pacevicius og Sóley Halldórsdóttir úr Seljaskóla og Elena Brynjarsdóttir, Linda Líf Boðma og Sóley Benediktsdóttir úr Ölduselsskóla.

Upplýsingavefur á mörgum tungumálum

Fjölvaki nefnist nýr vefur. Vefurinn var opnaður á Degi íslenskrar tungu en þar er að finna upplýsingar og efni á mörgum tungumálum sem á að geta nýst kennurum, skólastjórnendum og fleirum í starfi með fjölskyldum af erlendum uppruna. Einnig getur vefurinn nýst íslenskum börnum og fjölskyldum þeirra sem búa í útlöndum.

Vefurinn er unninn af Arn-

björgu Eiðsdóttur, kennsluráðgjafa hjá Þjónustumiðstöð Breiðholts og Þorbjörgu Þorsteinsdóttur kennsluráðgjafa í samstarfi við Menntasvið Reykjavíkur og Fjölmenningsarsetrið á Vestfjörðum. Framkvæmd verkefnisins hófst hjá Þjónustumiðstöð Breiðholts síðari hluta árs 2008 en það tengist stofnun kennsluráðgjafastarfs í nýbúafraeðslu sem var samþykkt í menntaráði Reykjavíkurborgar

árið 2007. Þorsteinn Hjartarson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Breiðholts segir að stór hópur fólks af erlendum uppruna búi í Breiðholti og því verið talið mikilvægt að styrkja þekkingarbrunn þjónustumiðstöðvarinnar í þessum stóra málaflokki og sé ánægjulegt að ráðgjafastarfið nýtist fólki í allri borginni og víðar. Slóðin á Fjölvaða er: <http://www.fjolvaki.mcc.is/>



Orkuveita
Reykjavíkur

Hlýjar og bjartar hátíðarkveðjur

Garðurinn tilvalinn til fjölskyldusameiningar

Garðheimar í Mjóddinni áttu tíu ára afmæli 2. desember sl. Þessara tímamóta var minnst með ýms- um hætti og var m.a. efnt til sér- stakrar afmælisveislu á efri hæð verslunarinnar þar sem er góð aðstaða fyrir mannamót af ýmsu tagi. Afmælistilboð voru í gangi og í tilefni þessara tímamóta færði fyrirtækið Rauða krossinum pen- ingagjöf, sem Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri veitti viðtöku.

Garðheimar eru fjölskyldufyrir- tæki Jónínu S. Lárusdóttur og Gísla Sigurðssonar og fjögurra barna þeirra sem öll starfa hjá Garðheim- um í dag. "Þetta hefur þróast þan- nig og þau hafa öll mikinn áhuga á gróðurvörum og garðrækt og hafa verið að tínast hér inn smám sam- an af áhuga á viðfangsefninu því við höfum ekki hvatt þau eða lagt að þeim að leggja þetta fyrir sig. Fjölskyldusamkomurnar hjá okkur kunna því að vera grænar en það er líka gott að geta skipst á skoðunum og líta á verkefnið frá mismunandi sjónarhornum," segir Jónína. Þótt tíu ára afmæli hafi verið minnst nú á fyrirtækið sjálft sér lengri sögu því nú eru um 19 ár frá því Gróð- urvörur, sem er heildsöluhlutinn og hefur verið móðurfyrirtæki á bak við Garðheima, tók til starfa en það hófst þegar þau Jónína og Gísli festu kaup á verslun Sölufélags garðyrkjumanna árið 1991. "Gróð- urvörur hafa alltaf annast hluta af starfseminni og má þar nefna þjón-ustu við gróðurhúsaræktendur og



Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri Rauða krossins tekur við peningagjöf úr höndum Jónínu og Gísla í Garðheimum.

bændur en það er ekki víst að við- skiptavinurinn, sem gengur hér inn af götunni hafi áttað sig á því. Við notuðum þessi tímamót hins vegar til þess að sameina þennan rekstur og heitir fyrirtækið nú Garðheimar Gróðurvörur þar sem Garðheim- nafnið er mun þekktara," segir Gísli.

Stóraukinn áhugi á matjurtarækt

"Þegar við vorum að byrja að ver- sla hér í Garðheimum þá var önnur afstaða hjá fólki til garða og garð- ræktar. Fólk var ekki eins vant að nota garðinn sinn og er í dag. Fór

kannski út til þess að slá nokkrum sinnum á sumrin en annars kom þar enginn. Umgengni um garða hefur gerbreyst og víða er garðurinn orð- in hluti af íbúðum fólks í dag – eins- konar útistofa við heimili þess. Við höfum reynt að leggja þessari þró- un lið, bæði með fundarhöldum og sýnikennslu um garðrækt og síðan að bjóða þær vörur sem fólk þarf til þess að gera garðinn sinn góðan," segir Jónína. Þau Jónína og Gísli segja fyrirtækið ganga vel miðað við allar aðstæður í þjóðfélaginu. "Við höfum orðið vör við að fólk er farið að leggja áherslu á aðra hluti en áður sem e.t.v. má rekja til þess

að minna er á milli handa en var um tíma. Eitt af því er stóraukinn áhugi á matjurtarækt. Við finnum fyrir umtalsverðri aukningu í sölu á margskonar fræjum og höfum að undanförunu lagt aukna áherslu á vörur sem tengjast martjurtum og að fólk geti haft meiri aðgang að sallötum og kryddjurtum á heim- ilum sínum. Við erum líka farin að fara meira inn á að bjóða gjafavöru og annað sem kemur fólki til góða þegar það vill eiga góðar stundir á heimilum sínum. Ef eitthvað er að marka þau viðbrögð sem við höf- um fundið þá sýnist okkur þetta þjóðfélagsástand þjappa fólki sam- an frekar en hið gagnstæða og auka samheldni fjölskyldnanna," segja þau Jónína og Gísli.

Garðurinn tilvalinn til fjölskyldusameiningar

Gísli segir að fljótlega eftir kaupin á sölufélagsbúðinni hafi þau farið að skoða svokölluð "gandencent- er" erlendis og kynna sér rekstur þeirra vegna þess að slíkur rekstur hafi ekki verið til hér á landi. "Garð- heimar var því fyrsta verslunin sem fór strax í byrjun af stað undir því sjónarhorni hér á höfuðborgar- svæðinu en Blómaval hafði þá þró- ast úr garðyrkjustöð í alhliða garða og gróðurvöruverslun," segir Gísli. Hann kveðst nota hvert tækifæri til þess að hvetja fólk að annast vel um garða sína. Þarna sé um mann- bætandi störf að ræða sem auk úti- verunnar séu vel þess fallin til þess að sameina fjölskyldurnar.



Opnum klukkan

8:00

alla virka daga.

JÓL Í HÓLAGARÐI

Apótekið
lægra verð

BÓNUSVÍDEÓ
Leigan í þínu hverfi

fætur & fegurð
HÓLAGARÐI - LÓUHÓLUM 2-4
Sími 557-5959



Boltinn í beinni

S: 567 8444
Krá • Sportbar
Smurbrauðstofa • Snittur
Gullnáman

reinn
efnalaug & þvottahús
síðan 1975

YR
HÁRSNYRTISTOFAN
HÓLAGARÐI

Sími
557 2653

Gjafavörur, snyrtivörur og fylgihlutir í úr vali
Snyrtivöruverslunin
Manar
Sími: **557 1644**

Vönduð tískuföt á góðu verði
Stærðir 36 - 50
Vefta
Tískuföt
Hólagarði - 557 20 10
www.vefta.is

NAGLA FEGURÐ
Naglastofa ■ Skóli ■ **www.naglafegurð.is**

Sportvörur • Leikföng • Rífföng
Leiksport
Hólagarði
Sími: 557 5020

BONUS
byðnið betur



Sunnud. - fimmtud.
kl. 12-18.30
Föstudag og
Laugardag
kl. 10-19.30

Fjölbreyttar hugmyndir um framtíðarskipulag Breiðholts

Stuðningur við enduruppbyggingu á verslunarkjörnum, aukið viðhald og endurbætur á grænum svæðum og byggingum, betri aðstaða við skíðalyftuna og betri tengingar innan hverfisins með stígum og frístundastrætó var meðal þess sem íbúar í Breiðholti settu á forgangslista í opnu húsi í gær um framtíðarskipulag hverfisins.

Opna húsið fór fram í Breiðholtsskóla og var mætingin þokkalega góð en hefði mátt vera betri, miðað við hversu stórt hverfi Breiðholtið er. Eins og í fyrri opnum húsum í hverfum borgarinnar kynnti Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður skipulagsráðs, fyrst stuttlega vinnuna sem nú fer fram við nýtt aðalskipulag og þvínæst útskýrðu Haraldur Sigurðsson, verkefnisstjóri aðalskipulagsins, og Ólöf Örvarsdóttir skipulagsstjóri aðferðarfræðina og vinnulagið við aðalskipulagsvinnuna. Sem fyrr voru börnin mjög virk í krakkasmiðjunni sem Myndlistarskólinn í Reykjavík starfrækti samhliða umræðu- og vinnuhóp-

um hinna fullorðnu og ungir arkitektar voru með hugmyndasmiðju þar sem þátttakendur gátu komið sínum hugmyndum eða ábendingum inn í vinnuferlið.

Margar áhugaverðar og skemmtilegar hugmyndir komu fram í vinnu- og umræðuhópnum, s.s. að gera íþróttasvæði ÍR aðgengilegt fyrir alla, bæta samgöngur fyrir gangandi og akandi vegfarendur milli Reykjavíkur og Kópavogs, bæði ofan Seljahverfis og með tengingu Álfabakka við Kópavog. Einnig komu fram hugmyndir um stíg fyrir bæði gangandi og hjólandi vegfarendur hringinn í kringum Breiðholtið, að skíðabrekkan í hverfinu yrði gerð að útivistarparadís með gönguskiðabraut vetur sem sumar og að auða svæðið við Stekkjarbakka yrði nýtt undir fjölnota grasvelli fyrir almenningsíþróttir. Opna húsið í Breiðholtsskóla var það áttunda í röðinni af alls tíu sem Skipulags- og byggingarsvið stendur fyrir í öllum hverfum borgarinnar vegna endurskoðunar aðalskipulags Reykjavíkur.

Betra Breiðholt vill mislægar gönguleiðir

Skíðabrekka í Vatnsenda-hvarfi, málefni bílastæða víða um Breiðholtið þar sem vand-ræði hafa skapast, umferðarör-yggi, endurbætur á skólalóð-um og leiksvæðum barna auk áframhaldandi uppbyggingar á íþróttaaðstöðu í Breiðholti-**eru á meðal málefna sem íbúa-samtökin Betra Breiðholt hafa unnið að að undanfögnu.**

Betra Breiðholt hefur ein-nig skorað á borgaryfirvöld að láta leggja mislægar gönguleiðir, þ.e. yfir Breiðholtsbraut austan Norðurfells og yfir Skógarsels við ÍR-svæðið. Spurning sé um hvað tafði skipulögð undirgöng undir Skógarsel við ÍR-heimilið. Þetta koma m.a. fram á aðalfundi félags-ins sem haldinn var mánudaginn 23. nóvember í Fella- og Hóla-kirkju.



Frá aðalfundi Betra Breiðholts í Fella- og Hólakirkju.

Á aðalfundinum varð nokkur umræða um möguleika til enn frekari uppbyggingar innan Breiðholts og var þar horft til íbúða fyrir eldri borgara í Efri hverfum Breiðholts og endurskipulagningu á svæðum í Seljahverfi, Neðra Breiðholti og Efra Breiðholti þar sem verslunarkjarnar hafa verið að gefa eftir. Á aðalfundinum kom einnig fram að stjórn sam-takanna hefur átt marga fundi og fjölmörg samtöl við borgaryfir-völd, fyrrverandi sem og núver-andi borgarstjóra til að freista þess að vekja athygli ráðamanna á ýmsu sem er ábótavant í Breiðholti og reyna að koma einstaka

málum og málefnum í viðeigandi farveg innan borgarkerfisins. Stjórn Íbúasamtakanna vonast til að mál hafi eitthvað þokast áfram þau ár sem Samtökin hafa starf-að en framundan bíða mörg brýn verkefni úrlausnar víða í hverf-um Breiðholts. Samtökin eru vett-vangur þar sem fólki sem lætur sér ann't um umhverfi sitt gefst kostur á að koma málefnum síns

hverfis á framfæri og fylgja eft-ir þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið. Við kosningu stjórnar-gengu út Falasteen Abu Libdeh og Hafsteinn Valsson. Aðalmenn voru kosnir: Anna Sif Jónsdótt-ir, Bergljót Rist, Gunnar H. Gunn-arsson, Helgi Kristófersson, Rut Káradóttir, Magnús Gunnarsson, Varamenn eru Kolbrún Baldurs-dóttir og Þorkell Ragnarsson.



Rúnar Geirmundsson



Sigurður Rúnarsson



Elís Rúnarsson

Þegar andlát ber að

Síðastliðin 20 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara.

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • utfarir@utfarir.is



Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: 511 1188 & 895 8298

Sendum landsmönnum öllum okkar bestu óskir um
gleðileg jól
og farsæld á komandi ári



www.lv.is


Landsvirkjun


SÖGULEGAR BÆKUR!




Frá köfun í klukkum til kjarnorkukafbáta. Mannfórnir, hernaðarleg snilld og meinleg mistök.



Íslenskar draugasögur. Mögnuð lesning. Ekki fyrir viðkvæmt fólk.



Besta bókin um Spænska borgarastríðið. Eitt snilldarverkið enn frá Anthony Beevor.



Sagnameistarin Jón Böðvarsson fer á kostum í þessari bók sem bæði er fræðandi og bráðskemmtileg.


BÓKAUTGÁFAN HÓLAR



LOKA AFMÆLISSPRENGJA

20%
AFSLÁTTUR

AF
ÖLLUM
VÖRUM

**aðeins í dag
fimmtudag**

gildir fimmtudaginn 17. desember



OPIÐ TIL KL.
22:00
TIL JÓLA

Minnum á nýju netverslunina okkar á www.gardheimar.is

LAGERSALA

Mikið úrval af ódýrum skóm á alla fjölskylduna



dömskór stærðir 36-41

dömskór stærðir 36-42



herraskór stærðir 39-47



herraskór stærðir 39-47

Loðfóðruð
dömukuldasstígvél



Opið virka daga 12:00 - 18:00 - laugardaga 12:00 - 16:00



Grensásvegi 8 - 108 Reykjavík
Allar upplýsingar í síma 517-2040

Tilfinningalegt tjón en finnum allstaðar velvild

Miklar skemmdir urðu á þremur skólastofum í Waldorfskól-
anum Sólstöfum við Hraunberg
í Efra - Breiðholti þegar þrír
fimmtán ára piltar kveiktu þar
í laust fyrir miðnætti á sunnu-
dagskvöldi fyrir skómmu. Pilt-
arnir voru handteknir skammt
frá vettvangi og yfirheyrðir um
nóttina að foreldrum og fulltrú-
um barnaverndar viðstöddum.
Játuðu þeir að hafa kveikt í skól-
anum án þess að geta gefið nein-
ar ástæður fyrir verknadinið.

Að minnsta kosti tveir piltanna
hafa komið til forráðamanna skól-
ans og beðist afsökunar á þessu
tiltæki. "Það er talið öruggt að
verknadi þessum var á engan hátt
beint gegn skólanum, starfsfólki
hans eða nemendum. Þetta hlýt-
ur að hafa verið gert í einhvers-
konar hita leiks og mógæsingu
þar sem ákveðið hugsunarleysi
hefur ráðið för. En við erum öll
mjög þakklát og ánægð með það
framtak drengjanna að koma og
biðjast afsökunar á þessu," sagði
Ingibjörg R. Þengilsdóttir, formað-
ur foreldrafélags Waldorfskólans í
sam tali við Breiðholtsblaðið.

Mikið tilfiningatjón

Hún segir að þrátt fyrir að
slökkvistarfi hefði gengið vel, sé
um mikið tjón að ræða bæði á
húsnæði, munum skólans og
vinnu nemenda. Það sem eink-
um snerti foreldra og aðstand-
endur skólans séu afleiðingar
þessa atburðar fyrir börnin. "Tjón
þeirra er gríðarlegt. Skólastarfið
í Waldorfskólanum byggist með-
al annars á miklu handverki, auk
þess sem börnin vinna mikið af
verkefnum í vinnubækur, sem eru
ríkilega skreyttar með myndum
og texta. Einnig voru þarna jóla-
gjafir sem börnin voru búin að
útbúa handa foreldrum þeirra
og búið að leggja mikinn tíma og
metnað í. Allt þetta efni, munir
sem og ritað mál er geymt í skól-
anum. Því var um mikinn eldsmat
að ræða og varð alger eyðilegging
á þessum munum. Þótt skólinn
og innbú sé tryggt gegn bruna
þá er aldrei hægt að bæta hluti
sem hafa persónulegt gildi eins
og þessir munir allir hafa fyrir



Nemendur í Waldorfskólanum Sólstöfum við flautuleik.

börnin. Fyrsti skóladagurinn var
þeim öllum erfiður og grétu þau
mörg og áttu mjög bág, þegar
þau litu yfir eyðilegginguna. Og
einnig myndast aukið álag á hóp-
inn þar sem hluti hans mun vera
í kennslu í Miðbergi við Gerðu-
berg, meðan unnið er að lagfær-
ingum og endurbótum á húsnæði
Waldorfskólans og munu endur-
bæturnar taka um 5 til 6 vikur."

Ekki fyrsta óhappið

En þetta er ekki fyrsta óhappið
sem Waldorfskólinn við Hraun-
berg verður fyrir á þessu ári. Að
sögn Ingibjargar var framið inn-
brot í skólann á liðnu sumri og
stolið öllu steini léttara. Einnig
er bara eitt og hálft ár frá því að
bruni varð í skólanum og voru
það sömu skólastofur og nú og
einnig var um íkveikju að ræða.
Þannig að áföllin hafa verið mörg
og skammt stórra höggva á milli.
"Skólinn er ekki með þjófavarnar-
kerfi og ástæða þess er aðallega
sú að það er mjög dýrt að reka
slík kerfi og einnig var stefnt á
að byggja nýjan skóla og flytja
alla starfsemina þangað á þessu
ári, en það verkefni hefur frestast
eins og svo margt annað vegna
ástandsins í þjóðfélaginu. Nú þeg-
ar haldið verður áfram að byggja
skólann upp, þá höfum við verið
að hugleiða að leita eftir andleg-
um og tilfinningalegum stuðningi

fólks vegna þess sem á okkur
hefur dunið. Við höfum nú þegar
haft samband við fólk sem tekur
að sér fyrirbærir og fengið mjög
jákvæð viðbrögð og hjálp. Einnig
viljum við biðja um góðar hugs-
anir og bærir til handa drengjun-
um sem urðu valdir að brunan-
um og fjölskyldum þeirra, það er
örugglega erfitt hjá þeim núna." Ingibjörg segir að aðstandend-
ur skólans hafi efnt til samveru-
stundar í skólanum fyrir nokkrum
dögum þar sem þessi atburður
og afleiðingar hans voru ræddar.
Þar kom fram einbeittur vilji til
þess að halda áfram og byggja
skólann aftur upp og gera eins
gott úr þessu og unnt er. Það eru
allir mjög jákvæðir þó svo að við
eigum eftir að jafna okkur bet-
ur. Einnig var tekin ákvörðun um
að leita tilboða í öryggiskerfi og
verður gengið frá þeim málum á
næstu dögum. Einnig er lögð áhers-
la á að láta alla starfsemi skólans
halda áfram eins og hægt er og
var hið árlega jólaeikrit skólans
sýnt 11. desember sl. þar sem
allir nemendurnir tóku þátt og
foreldrar og aðrir aðstandendur
mæta og njóta. Ingibjörg kvaðst
að lokum vilja nota tækifærið til
óska öllum gleðilegra jóla og far-
sælt komandi nýtt ár.

Íbúð óskast

Fjölskylda óskar eftir 5 herbergja íbúð eða húsi til
leigu nálægt Breiðholtsskóla, helst í Stekkjahverfi.
Erum reyklus, reglusöm og með öruggar tekjur.
Uppl. gefur Villa í s: 822 5321

Hjá Eddu

Fótaaðgerðastofa

S. 561 2025 & 8 200 593

Hléskógar 16 • eddalara@islandia.is

Gerðu
góðverk
í dag

907 2002

Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is

Hefur þú nýtt þér Frístundakortið?



Frístundakortið

er styrkjakkerfi í frístundastarfi fyrir
6-18 ára börn og unglinga í Reykjavík.
Nánar á www.itr.is

Athugið að strykurinn fyrnist
um áramót. Ert þú örugglega
búin/n að ráðstaða þínum styrk?



Þannig byggjum við upp félagsauð og hæfileika

Listasmiðjan Litróf hefur sent frá sér geisladisk með 15 lögum sem tengjast jólum og jólahaldi. Listasmiðjan er hluti af innflytjendastarfi sem unnið er í Fella- og Hólakirkju og eru helstu viðfangs-efni hennar tónlist, dans, listræn hreyfing og önnur listsköpun. Ungmennni af innlendum jafnt sem erlendum uppruna starfa í listasmiðjunni og stjórnandi hennar er Ragnhildur Ásgeirsdóttir, djákni. Ragnhildur hefur þó gert meira en að stýra listasmiðjunni Litrófi um árabíl því hún er einnig höfundur flestra laganna og texta. Listrænn stjórnandi tónlistarinnar er Hilmar Örn Agnarsson og Jón Skuggi annaðist upptökur en hann er með upptökuver í Hólabergi í Fella- og Hólahverfinu. Þá má geta þess að ungur einsöngvari Svavar Knútur syngur gesta-söng í sumum laganna og einnig tvö lög eftir sjálfan sig. Hann hefur getið sér gott orð fyrir góðar tónsmíðar og einlægán söng.

Fórum að kortleggja þarfir fólks

Ragnhildur sagði í samtali við Breiðholtsblaðið að þegar hún hafi komið til starfa við Fella- og Hólakirkju fyrir um fjórum árum hafi verið unnið að því að greina og kortleggja þarfir fólks í sókninni. Fljótlega hafi komið í ljós að margt fólk af erlendum uppruna væri búsett í hverfinu og nauðsynlegt væri að fara af stað með starf sem það gæti tekið þátt í. Listasmiðjan hafi fljótlega orðið til sem svar við þessum þörfum og áhersla lögð á tónlist og hreyfingu sem tengt geti fólk af ólíkum



Þátttakendur í Listasmiðjunni Litrófi á æfingu.

uppruna og með ólíkan menningarlegan bakgrunn. Starfið hefur eflst mjög. Um tíu telpur mættu á fyrstu æfinguna og í dag eru tæplega 60 telpur á skrá listasmiðjunnar, þar af um 50 virkar. Markmið starfsins er að skapa jákvæðan vettvang fyrir börn til að koma saman til þroskandi verkefna og njóta samveru hvert við annað, kenna börnum að umgangast hvert annað af virðingu og kærleika um leið að einbeita sér að listsköpun í góðu umhverfi undir stjórn fagfólks kirkjunnar. Þannig byggjum við upp þann félagsauð og þá hæfileika sem börn búa yfir. Auk Ragnhildar taka Guðný Ein-

arsdóttir, organisti og Heiðrún Guðvarðardóttir þátt í starfinu.

Desember – mynd um fjölskyldu í Efra Breiðholti

Fyrir um ári síðan var tekin sú ákvörðun að gefa út geisladisk. Ragnhildur sagði að mikil vinna hefði verið í kringum þennan geisladisk og ótrúlega spennandi að kynna þessari vinnu og læra nýja hluti. Frá upphafi var lögð áhersla á fagmennsku og að diskurinn yrði vandaður og fallegur þannig að sem flestir mættu njóta hans. Margt listafólk kom að gerð disksins, bæði íslenskir og erlendir listamenn búsettir hér á landi. Ragnhildur sagði einnig frá því að foreldrar í starfinu væru mjög öflugir, styddu vel við starfið og nú væri búið að koma á fót foreldrafélagi innan Listasmiðjunnar Litrófs. Foreldrarnir ætla að standa fyrir kökubasar föstudaginn 27. nóvember kl. 15 í Hólagarði. Þar verður boðið upp á smákökur, kökur, sultur og að sjálfsgöðu verður hægt að kaupa diskinn. Útgáfutónleikar verða svo haldnir laugardag-

inn 28. nóvember kl. 15 í Ráðhúsi Reykjavíkur. Ókeypis aðgangur og hægt verður að kaupa diskinn. Sunnudaginn 29. nóvember kl. 20 verður síðan aðventukvöld Fella- og Hólakirkju og þar verður fjölbreytt dagskrá og meðal annars syngur Listasmiðjan Litróf með kirkjukór Fella- og Hólakirkju. Ragnhildur sagði okkur einnig frá því að í jólamyndinni Desember sem nýverið var frumsýnd hljóma tvö lög af diskinum. Formaður foreldrafélagsins var að vinna við gerð þessarar myndar og þannig atvikaðist það að tvö lög heyrast í myndinni. Desember er ljúf mynd sem fjallar um fjölskyldu sem býr í Efra-Breiðholti, einstaklega falleg og raunsæ mynd. Nokkrar telpur úr Litrófi fengu að leika í myndinni svo að við vorum mjög stoltar sagði Ragnhildur.

Ragnhildur vill koma á framfæri þakklæti fyrir stuðning sem hún hefur fundið hjá fólki. „Í allri þessari vinnu hefur verið ómetanlegt að finna hvatningu og uppörvun frá sóknarnefndum Fella- og Hólakirkju, starfsfólki kirkjunnar, foreldrum og fólkinu mínu í kirkjustarfi eldri borgara. Ég er full þakklætis fyrir stuðninginn.



Ragnhildur Ásgeirsdóttir, djákni á heiður og þunga af geisladiski Listasmiðjunnar Litrófs. Auk þess að stýra listasmiðjunni og flutningi hennar á jólalögnum er hún höfundur flestra laga og texta á geisladisknum.

Ég er búin að leggja allt sem ég á í þennan disk, legg hann fram í auðmýkt og vona að fólki geti notið þess að hlusta á hann. Einmitt þess vegna hefur það verið svo dýrmætt að finna þessa hlýju”.

Þetta hefur verið rosalega gaman

Breiðholtsblaðið ákvað að spjalla stuttlega við tvær telpur úr starfinu, þær Emilíu Johnsen og Vanesu Hoti.

Hvað er nú skemmtilegast í starfi Litrófsins ?

Emilía: Mér finnst rosalega gaman að dansa, syngja og síðan finnst mér geðveikt skemmtilegt að fara í ferðalögin en við förum alltaf tvisvar á ári. Mér finnst líka koma skemmtilegt að syngja fyrir fólk og við gerum það alltaf reglulega. Síðan fannst mér mjög gaman að setja upp söngleikinn Litlu Ljót en það gerðum við í fyrri og þá komu 300 manns í kirkjuna til að horfa á okkur.

Vanesa: Mér finnst mjög gaman að dansa og syngja í Litrófinu. Það eru líka mjög skemmtilegar stelpur í Litrófinu og það er mjög gaman að hitta þær vikulega. Mér finnst líka mjög gaman að fara í ferðalögin. Þá höfum við kvöldvökur, hæfileika-keppni og förum í skemmtilega göngutúra. Í sumarbúðunum Ölveri, en þangað höfum við oft farið, eigum við t.d. falinn fjársjóð sem við setjum alltaf eitt-hvað skemmtilegt í.

Hvernig er tilfinningin að hafa tekið þátt í að syngja inn á geisladisk ?

Emilía: Mér fannst það mjög gaman en ég hefði gjarnan viljað syngja einsöng en Ragnhildur er búin að segja mér að ég fæ kannski að syngja einsöng seinna með kórnum. Mér fannst rosalega skemmtilegt þegar verið var að taka upp, stundum vorum við ferlega þreyttar en



Emelia Johnsen.



Vanesa Hoti.

við fengum pizzur og nammi til að hlaða í okkur orku.

Vanesa: Mér fannst rosalega gaman að taka upp geisladiskinn. Þetta var alveg nýtt fyrir mér og mér fannst þetta mjög gaman. Ég myndi alveg vilja gera þetta aftur og ég vona bara að það verði einhvern tímann.

Breiðholtsblaðið þakkar þeim fyrir spjallið og óskar þeim til innilega hamingju með geisladiskinn.



Sveinsbakari

Arnarbakka 4-6 • SÍMI: 557 2600

Smákökur, hálfmáanar, lagtertúr, enskar jólakökur, sælkerabotnar, döðlubotnar, svampbotnar, marens, sérлагаðar tartalettur, smákökudeig og eftirrættatertur.

Opnum kl. 7 alla virka daga og kl. 8 um helgar.

Verið velkomin - Veljum íslenskt.



ER LÍFIÐ ERFITT?
HJÁLPARSÍMI RAUÐA KROSSINS
ER OPINN **1717**

Breiðholtsblaðið leit við í Mjóddina og tók nokkra verslunareigendur tali í tilefni jólaverslunarinnar



Lára Guðmundsdóttir, nemi í fatahönnun skoðar vörur í Rauðakrossbúðinni í Mjóddinni ásamt ungum syni sínum. Lára er sjálf með verslunarbás í Mjóddinni nú fyrir jólin þar sem hún selur handunnar vörur eftir sig og móður sína Elínu Bjarnadóttur. Þær kalla starfsemi sína “Stöllurnar” og má finna þær á slóðinni.

Rauða krossbúðin komin til að vera

Rauðikrossinn hefur opnað nýja verslun í Mjóddinni í húsnæði því þar sem áður var útibú Kaupþings. Verslunin er opin á almennum verslunartíma eða frá 10 á morgnana til 18 á kvöldin. Á laugardögum frá 12 til 16. Sjálfboðaliðar ananst um vinnuna í verslununum RKÍ og er verslunmin í Mjóddinni engin undantekning að því leyti en móttökustöð fatasöfnunar fyrir Rauða krossinn er í Skútuvogi 1. Hin nýja verslun í Mjóddinni er glæsilega í alla staði og mikið af góður vörum er þar að finna. Gert er ráð fyrir að Rauðikrossinn muni starfa framvegis á þessum stað m.ö.o. verslunin er komin til að vera.

Um þessar mundir eru um 120 sjálfboðaliðar í reglubundnu starfi hjá Rauða krossinum og það segir sig sjálft að þetta verkefni myndi aldrei ganga án framlags sjálfboðaliðanna. Enn vantar að manna nokkrar vaktir í Mjóddinni og því geta þeir sem áhuga hafa á að leggja starfi þessu lið haft samband við Sigrúnu í síma 861-4919 eða skrifstofu Rauða krossins eða Reykjavíkurdeild RKÍ. Fatasöfnun Rauða krossins var stofnuð árið 2000 og helsta hlutverk hennar er að taka á móti öllum fötum sem Íslendingar gefa Rauða krossinum, úthluta fatnaði til þeirra sem á þurfa að halda bæði innan lands og utan, afla tekna með því að reka verslanir með notuð föt og síðan selja úr landi það sem ekki nýttist hérlandis. Tekjurnar af verkefninu renna í Hjálparsjóð Rauða krossins.

Opnunartími Mjóddarinnar:

17. desember kl. 10 – 18

18. desember kl. 10 – 20

19. desember kl. 11 – 20

20. desember kl. 13 – 20

21. desember kl. 10 – 22

22. desember kl. 10 – 22

23. desember kl. 10 – 23

24. desember kl. 10 – 12

Lokað 25. desember

Lokað 26. desember

31. desember kl. 10 - 12

Lokað 1. janúar

Lokað 2. Janúar

Ráðleggingar um lyf og rétta lyfjanotkun

“Apótekarinn í Mjódd býður alla velkomina til að fá ráðleggingar um lyf og rétta lyfjanotkun. Við erum hluti af heilbrigðisþjónustunni og viljum leggja okkar af mörkum í þeim efnum. Markmiðið er að bæta lífsgæði einstaklinga,” segir Sigríður P. Arnardóttir, lyfjafræðingur hjá Apótekanum.

“Við bjóðum upp á ráðgjöf fyrir reyklingafólk sem vill hætta að reykja. Verkefnið er alþjóðlegt og eru markmið alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar WHO höfð að leiðarljósi um reyklausar veröld. Við viljum taka þátt í forvarnarstarfi. Hægt er að fá allar upplýsingar hjá okkur í apótekinu. Það þarf að panta tíma í reykbindindisviðtal. Við leggjum líka áherslu á ráðgjöf er varðar hjúkrunarvörur, sykursýkisvörur og stomavörur. Í apótekinu starfa lyfjafræðingar, sjúkraliði, lyfjateknir og sérfaglegt starfsfólk. Eitt af því sem ógnar heilbrigði okkar er fíkniefnaneysla. Við verðum að styðja hvert annað og reyna allt hvað við getum til að ná árangri þar í forvörnum. Við seljum fíkniefnapróf sem eru auðveld í notkun. Starfsfólk heilbrigðisstétta er bundið þagnaskyldu og við leggjum mikla



Sigríður P. Arnardóttir er þriðja frá vinstri á myndinni.

áherslu á það. Við bjóðum upp á lyfjaskömmtnun sem er mjög örugg og þægileg í notkun og sparar samfélaginu peninga. Einstaklingar fá þá afgreiddan hálfan eða einn mánuð í einu. Þegar einstaklingar þurfa að taka margar tegundir lyfja þá er þetta mjög hentugt og eykur meðferðarheldni. Við veitum upplýsingar um næringafræði, mælum blóðþrýsting og

kolmoníxið í útöndunarlofti hjá reyklingarmönnum.” Sigríður segir að Apótekarinn bjóði einnig úrval vítamína og fæðurbótaefna. “Einnig eru til olíur, nuddolíur og olíur settar í bað til að auka vellíðan. Svo vil ég geta þess að við verðum með aukaopnun laugardaginn 19. desember og á Þorláksmessu. Látum okkur líða vel, það eru að koma jól. Gleðjumst saman.”

Skatan er tilbúin

“Nú er ég búinn að tryggja mér skötuna og hnoðmörin fyrir Þorláksmessu. Skatan kemur að vestan og er vel kæst,” segir Hólmgeir Einarsson í fiskbúð Hólmgeirs í Mjóddinni. Þetta er í fyrsta skipti sem Hólmgeir býður Breiðhylltingum og öðrum skötu og annað góðgæti úr sjónum fyrir jólin því hann opnaði verslun sína á liðnu sumri en hann starfaði áður hjá Fiskisögu.

“Þetta hefur gengið vel það sem af er og ég ákaflega ánægður hér,” heldur Hólmgeir áfram. “Mér hefur verið tekið með ágætum. Fólk verður að borða og ég tel að fiskbúðirnar eigi sér framtíð. Fiskur er ekkert á leið af borðum landsmanna þótt verði hafi verið að fara upp að undanförunu,” segir Hólmgeir um leið og hann lítur af tölvuskjánum þar sem hann var að bjóða í á fiskmarkaðnum. “Það gerir gengið. Það er lögð svo mikil áhersla á útflutninginn. Ég held að það sé sama hvernig viðrar í landsmálunum. Íslendingar munu áfram borða fisk.” Hann segir meðhöndlunina hafa breyst svo



Þótt margir kjósi að kaupa hreint hráefni þá er líka boðið upp á marga girnilega tilbúna fiskrétti í Fiskbúð Hólmgeirs.



Hólmgeir Einarsson og Ísak Stefánsson á bak við borðið í Fiskbúð Hólmgeirs.

mikið frá því sem áður var. “Ég sel þó mikið af orginal hráefni sem fer beint í pottinn eða á pönnuna hjá fólki en er líka með fjölbreytt úrval af tilbúnum fiskréttum. Það er svo misjafnt hvað fólk vill. Á meðan sumir vilja fást við eldamennsku heima þá eru aðrir sem vilja hafa sem minnst fyrir henni

og fá réttina næstum tilbúna í hendur. Ég reyni að mæta þessum þörfum eins og kostur er.” Þegar haldið er út úr fiskbúðinni er stutt fyrir mæður að ná sér í barnaföt vegna þess að barnafataverslun er við hlið Fiskbúðarinnar. Þannig styður hvað annað í Mjóddinni.

Útimarkaðurinn setur sterkan svip á Mjóddina



Útimarkaðurinn setur sterkan svip á Mjóddina enda um margvíslegar vörur að ræða.

Fjöldi sölubása er nú starfræktur í göngugötunni í Mjódd. Ragnheiður Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Svæðafélagsins í Mjóddinni segir að aldrei hafi verið eins mikil aðsókn að útisöluhlássunum og að undanfögnu hafi þurft að auka við það svæði sem þeim er ætlað. Útimarkaðurinn í Mjóddinni hefur þá sérstöðu að nær eingöngu er um sölu á handverki að ræða og á þann hátt annar blær yfir honum en hefðbundnum mörkuðum frá nágrannalöndunum og úr öðrum heimshlutum þar sem hannyrðavörum, matvælum og notuðum vörum ægir jafnan saman.

Það hefur verið stefna Mjóddarinnar frá upphafi að einskorða útimarkaðinn sem mest við handverk og hannyrðavörur og hefur áhugi á slíkum vörum farið vaxandi á undanfögnu árum. Markaðnum hefur því vaxið fiskur um hrygg eftir auknum áhuga. Útimarkaðurinn starfar einkum á fimmtudögum og föstudögum og



setur jafnan sterkan svip á göngugötuna þar sem fólk gengur um skoðar vörur og spjallar gjarnan saman. Margir koma með reglbundnum hætti til að kynna og bjóða vörur sína í göngugötunni en aðrir sjaldnar og stundum

er um tilfallandi sölur að ræða. Ástæða er til þess að hvetja handverks- og hannyrðafólk til þess að koma með vörur sínar í Mjóddina og ekki síður Breiðhýltinga og aðra til þess að gefa þessari starfsemi gaum.



Axel Eiríksson, úrsmíðameistari með nýju Tour de France en að baki hans má sjá úrval af heimilisklukkum.

Nýju Tour de France úrin komin

“Nýju Tour de France úrin eru komin á markaðinn en það er með þau eins og bílana. Það kemur ný árgerð með einhverjum nýjungum á hverju ári. Þetta eru mjög fullkomin úr og eitt og annað að finna í hönnun þeirra,” segir Axel Eiríksson, úrsmíðameistari í Gull – Úrinu í Mjóddinni. Axel hefur rekið Gull – Úrið við Álfabakka 16 í Mjóddinni um nær tveggja áratuga skeið. Axel hefur einnig boðið stofuklukkur af mörgum stærðum og gerðum og er fjölbreytt úrval þeirra að finna í verslun hans.

Axel segir ýmsar breytingar hafa orðið í verslun með úr og klukkur á þeim tíma sem hann hefur starfað í Mjóddinni. Tölvuvæðingin hafi ekki látið úrin ósnortin fremur en annað en hefð-

bundin úr og klukkur séu engu að síður alltaf vinsæl. “Hingað kemur fjöldi fólks sem er að leita að hefðbundnum hlutum, úrum og klukkum og ég hef reyndar sérhæft mig nokkuð í stofuklukkum og klukkum sem við getum sagt að séu í gömlum stíl. Fólki finnst vænt um klukkusláttinn og margar klukkur eru hrein hóbýlaprýði. Mér finnst eftirspurnin eftir þessum hefðbundnu klukkum hafa aukist fremur en hitt, þótt stofuklukkurnar séu alltaf vinsælar og verslunin er líka orðin þekkt fyrir að annast verslun og þjónustu með slíka gripi. Nú fyrir jólin verðum við með gott úrval af úrum og eining klukkum og þá ekki síst þessa sigildu gripi sem fólk er alltaf að huga að,” segir Axel Eiríksson.

Mjóddin

**Vertu velkomin í Mjóddina,
við tökum vel á móti þér!**



Blómaverslunin Englar og Rósir
Hólagarði, (gengið inn sunnan megin)

Auglýsir opnunartíma um jólin

Þorláksmessa	kl. 10 – 22.00
Aðfangadagur	kl. 09 – 13.00
25 og 26.des	LOKAÐ
27 - 30.des	venjulegur opnunartími 12 – 18.30
Gamlársdagur	kl. 09 – 13.00
Nýársdagur	LOKAÐ

Opnum laugardaginn 2. janúar 2010 klukkan
12 – 18.30 og eftir það tekur við hinn venjulegi
opnunartími.

Sunnud. - fimmtud. kl. 12-18.30
Föstudag og Laugardag kl. 10-19.30

Áfram verður tekið við pöntunum fyrir brúðkaup,
útfarir og heimsendingar í síma: 557-3460
frá kl. 9-20, alla daga vikuna, einnig á
auglýstum lokunardögum.

Ávallt heitt á könnunni – verið velkomin.

Þakka viðskiptin á árinu sem er að líða og óskar
öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Unnu verkefni út frá barnasáttmálanum

Sameiginleg sýning var haldin á verkum barna
í félagsmiðstöðinni Hólmaseli sem unnin voru í
tilefni af 20 ára afmæli Barnasáttmála Samein-
uðu þjóðanna og mættu eldri börnin úr öllum frí-
stundaheimilum Breiðholts til þess að skoða sýn-
inguna og var foreldrum einnig boðið með.

Í tilefni af afmælinu unnu krakkarnir í 3. og 4. bekk
verkefni út frá 3. 6. og 12. grein sáttmálans. Þau
fengu smá fræðslu um sáttmálann frá umboðsmanni
barna vikunni áður og fengu svo frjálsar hendur með
túlkun sína á sáttmálanum. Allir voru sáttir með sitt
framlag og í lokin voru teknir nokkrir leikir með
börnum og foreldrum.



Ómar Andrés úr Álfheimum ásamt kröfulista sínum, hann segist eiga rétt á því að mæta í skólann klukkan 10.



Viktoría með verk frá börnunum úr Álfheimum. Þau teiknuðu myndir og skrifuðu kröfur á blað og límdu á pappa.



Ágústa ásamt móðir sinni. Þær skemmtu sér konunglega.



Börn úr Bakkaseli.



Sigmann, Karl og Bjarni Bærings frá Álfheimum að horfa á fullorðna fólkið dansa.

Áskriftartilboð Ársins

Kr. 4.190.- á mánuði fyrir par.

Aðeins kr. 2.095.- á mann

ef 2 kaupa saman.

Ótakmarkað í ljós.

Frítt í Laugarásbíó fylgir í tilboðinu.

Pöntunarsími: 5872700

Ibiza sól allt árið



Úrval af
kvenfatnaði

Verið velkomnar.

Fröken Júlía

Mjódd - S. 557 5900

borgarblod.is

Munið Þorláksmessuskötuna

Borðapantanir í síma 587-2882

Opið allan daginn á Þorláksmessu frá kl 10 fram til síðustu pöntunar

Kaupmaðurinn ykkar á horninu

Úrvals fiskur og fiskréttir á samkeppnishæfu verði

Veitingarhúsið er opið í hádegi alla virka daga 11:30-15:00
Kvöldopnun fimmtud.- föstud.- og laugardag 18:00-22:00

Munið 3ja rétta helgartilboðin

Gallery
fiskur

Opið í fiskbúð alla virka daga 8:00-18:30
Nethyl 2, 110 Reykjavík.

Grænu húsin á gatnamótunum

www.galleryfiskur.is

Sími: 587-2882

galleryfiskur@galleryfiskur.is

Gleðilega hátíð



BORGARBÓKASAFN
REYKJAVÍKUR

Borgarbókasafn Gerðubergssafn
Gerðubergi 3-5, s. 557 9122
www.borgarbokasafn.is

Velkomin í bókasafnið



Gerðubergssafn er opið:
mánudaga - fimmtudaga 10-19
föstudaga 11-19
laugardaga og sunnudaga 13-16



SÚPER SÓL / NOON HÁRSTOFA

Holmaseli 2, 109 Reykjavík
S. 567 2077 - 587 0077

*Gleðileg jól og farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin á árinu
sem er að líða*

Saumaverkstæði

Ingu

Amarbakka 2 • Sími 577 1570

Fataviðgerðir og
breytingar

Gleðilega hátíð

Við óskum Breiðholtsbúum gleðilegrar
hátíðar og gæfuríks komandi árs, með þökk fyrir
viðskiptin á árinu sem er að líða.

Kveðja,
starfsfólk Íslandsbanka í Mjódd

Ekki henda umslög- um og frímerkjum

Okkur í Fella- og Hólakirkju langar til að taka á móti umslög-um og frímerkjum fyrir Samband íslenskra kristinboðsfélaga. Kristniboðssambandið hefur um langt skeið komið í frímerkjum í verð öðrum til gagns og bless-

unar. Best er að fá frímerkin á umslögunum þar sem sum þeirra eru verðmætari þannig. Allt kemur þetta sér mjög vel. Frímerkjunum má skila í Fella- og Hólakirkju og í Félagsstarfið í Gerðubergi eftir jólin.



**FULL BÚÐ
AF SPILUM**



Spilavinir

Spil og púsluspil fyrir alla fjölskylduna

Langholtsvegi 126 - Sími 553 3450 - www.spilavinir.is



*Bestu óskir um gleðileg jól og far-
sælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á árinu.*



GULLSMIÐURINN Í MJÓDD



Jólatilboð

Gefðu gjöf sem gleður...

Pakki 1 Andlitsmeðferð ásamt litun og plockun. Verð áður Kr. 9.700 Verð nú Kr. 8.700	Pakki 3 Fótaaðgerð + fótakrem Verð áður Kr. 7.500 Verð nú Kr. 6.500.
Pakki 2 Handsnyrting með Paraffinmaska og fótaaðgerð. Verð áður Kr. 10.600 Verð nú Kr. 9.550	Pakki 4 Lúxusandlitsmeðferð með litun og plockun ásamt handsnyrtingu með Paraffinmaska. Verð áður Kr. 14.700 Verð nú Kr. 13.200



Fætur & fegurð

HÓLAGARÐI · LÓUHÓLUM 2-4 · SÍMI 557 5959

Jól í Árbæjarsafni

Heimsókn á jólasýninguna á Árbæjarsafnið er eitt af því jóla-legasta sem hægt er að gera í desember. Opið er þrjá sunnudaga í aðventunni, 6. 13. og 20. desember frá kl. 13:00-17:00. Hægt er að kynna jólavenjum og síðum sem stundaðir voru hér á landi á árum áður og skoða gamalt jólaskraut. Þar rifjast upp ýmislegt sem maður lærði í skóla, las um í gömlum bókum eða heyrði frá eldri fólki sem kynntist þessu sjálft í sinni tíð. Íslensku jólasveinarnir halda að sjálfsögðu til á safninu og gera heimsóknina ennþá meira spennandi fyrir yngri kynslóðina og hægt er að fara á hestbak við gamla Árbæinn en búið var í Árbænum fram á 20. öldina. Boðið er upp á jólaföndur í Kornhúsinu og af reynslu veit ég að börn á grunnskólaaldri hafa öll mjög gaman af því. Haldin er guðspjónusta í gömlu torfkirkjunni og svo er jólatréskemmtun á eftir á torginu fyrir utan Lækjargötu 4. Þar er sungið og dansað í kringum jólatré. Mikil stemning er alltaf að mæta á jólasýninguna. Þegar kuldinn byrjar að nista eins og oft gerist er hægt að hlaupa inn í Dillonshús og fá sér heitt kakó og með því. Ýmis varningur er til

sölu s.s. kramarhús, konfekt og jólavarnigur.

Uppáhaldsstaður margra
Árbæjarsafnið er uppáhaldsstaður margra íbúa borgarinnar. Safnasvæðið nýtur sín einstaklega vel á landi gamla Árbæjarins, við Elliðárdalinn rétt við Breiðholtslandið og minnir okkur öll á hversu fljótir tímarnir eru að breytast og hversu mikilvægt er að muna og gefa sér tíma í að skoða hvaðan þjóðfélagið okkar þróaðist. Gamlir þjóðhættir og innsýn inn í lífshætti eldri kynslóða er samofin þjóðarsálinni svokölluðu, sem segja má að sé efniviðurinn sem samstaðan í samfélaginu byggir á. Árbæjarsafnið var opnað árið 1957 og er í umsjón Minjasafns Reykjavíkur. Á safninu er viðhaldi gamalla húsa sinnt og þar hafa safnast ýmis sögufræg og merk hús hvert með sína sögu og ein-kenni sem gaman er að fræðast um. Í safninu er tekið á móti skólabörnum sem koma þangað í fræðsluferðir og hafa gaman og gagn af.

Gesta fjöldi eykst
Í Reykjavík hefur sú þróun orð-

ist á síðasta ári að gesta-fjöldi hefur aukist verulega í bóka- og listasöfn sem og önnur söfn, þar á meðal Árbæjarsafnið. Í Árbæjarsafnið koma nú Áslaug Friðriksdóttir. á hverju ári. Þá hefur ánægja með söfnin ein-nig aukist samkvæmt niðurstöð-um úr viðhorfskönnunum borgar-búa og ánægjukönnunum meðal gesta safnanna. Ljóst er að menn-ningin er okkur mikilvæg. “Menn-ing er mannærkt” segir í yfirskrift nýsamþykkrar menningarstefnu og það er þjóðinni í hag að halda áfram að hlúa að henni eins vel og við getum.

Áslaug María Friðriksdóttir.
Höfundur er formaður menning-ar- og ferðamálaráðs Reykjavík-urborgar og er varaborgarfulltrúi sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.



Súpersól – Noon í Hólmaseli:

Stærri, breytt og betri

Stelpurnar, Kristín og Anna María, eru mjög ánægðar með hvað fólk nýtir sér þjónustu þeirra í hverfinu. Fötin, skartið, töskurnar, skórnir og ljósín og ekki síst hárstofan og trimm-formið er það sem fólkið kann að meta hjá þeim.

Stelpurnar eru sannfærðar um að ljósabekkirir þeirra séu jafn-vel þeir bestu í hverfinu og verðið alveg frábært. Þær eru t.d. núna með jólatilboð þar sem fá má 10 tíma kort á kr. 4.890.- og gildir það í einn mánuð. “Með svona góðu tilboði þarf enginn að vera hvítur nema snjórinn. Og hver kann svo ekki að meta þetta – ert það þú?” Spurði Stína þegar við ræddum við hana.

Þær stöllur hvetja Breiðholts-búa til að koma í heimsón, því þær eru búnar að stækka og breyta búðinni og nú er vöruúrvalið hjá þeim meira en nokkru sinni fyrr og þær gæta þess að halda verðinu í lágmarki.

Hún leynir á sér búðin þeirra því úrvalið er ótrúlega mikið. Enginn þarf að leita langt yfir skammt og því upplagt að skreppa í göng-



Ásta hárgreiðslunemi í Hárstofunni Noon fór í flottan jólapalliettu-kjól fyrir okkur ásamt palliettuermum, húfu og auðvitað rétta skartið og taskan við. Palliettukjólur eru til í miklu úrvali í Noon og kosta aðeins frá kr. 6.990.-

utúr og skoða úrvalið hjá þeim. Það má t.d. fá sér göngutúr eftir kvöldmatinn og heimsækja ævin-

týraheiminn þeirra enda er opið hjá þeim til kl. 22 alla virka daga og til kl. 20 um helgar.

Þorláksmessu skata

Sjósiginn fiskur

Sólpurrrkaður saltfiskur

Nýr fiskur, svið og sviðalappir

Opið virka daga frá 10 til 18 og laugardaga fram yfir hádeg.

Fiskbúð Einar

Arnarbakka 4-6 • Sími: 551 1439 - 897 3639

Fallegt skart

Gull – Silfur – Stál





Silfurskartgripir með lituðum sirkonum.
Grænn – Hvítur – Fjólublár – Bleikur



GULL-ÚRÍÐ • MJÓDDINN
Álfabakka 16 • sími 587 4100
Axel Eiríksson úrsmíðameistari

Ragnar Sær formaður leikskólaráðs

Ragnar Sær Ragnarsson, vara-borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins hefur tekið sæti Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur sem formaður leikskólaráðs í fæðingarorlofi hennar.

Ragnar Sær er menntaður leikskólakennari og hefur árlega unnið að málaflokknum eftir að hafa m.a. rekið eigin skólastofnun í Reykjavík. Ragnar Sær hefur einnig starfað sem framkvæmdastjóri tveggja sveitarfélaga, Biskupstungnahreppi og síðar Bláskógabyggð.



Ragnar Sær Ragnarsson.



SNYRTISTOFAN
XANADÚ

S: 5 77 - 21 21

Xanadu óskar viðskiptavinum sínum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.



Komdu elskunni þinni á óvart með gjafabréfi frá Xanadú sem er tilvalin jólagjöf.

Hárblik

Sími 557 8180

Eddufelli 2

Óskam viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða



Matrix ESSENTIALS



JOICO

Opnunartími:

Mánud. - Miðvikud. 10 - 18

Fimmtudaga 10 - 18

Föstudag 10 - 18

Laugardaga 10 - 14



INDOLA

exclusively professional

10% afsláttur fyrir aldraða og öryrkja

borgarblod.is



Hátíðarsund

Lykill að góðri heilsu

AFGREIÐSLUTÍMI
SUNDSTAÐA ÍTR
UM JÓL OG ÁRAMÓT
2009-2010

	Þorláksmessa	Aðfangadagur	jóladagur	Annar í jólum	Gamlársdagur	Nýársdagur
	23. des	24. des	25. des	26. des	31. des	1. jan
Árbæjarlaug	06:30-18:00	08:00-12:30	Lokað	12:00-18:00	08:00-12:30	Lokað
Breiðholtslaug	06:30-18:00	08:00-12:30	Lokað	Lokað	08:00-12:30	Lokað
Grafarvogslaug	06:30-18:00	08:00-12:30	Lokað	Lokað	08:00-12:30	Lokað
Klébergslaug	11:00-15:00	10:00-12:30	Lokað	Lokað	10:00-12:30	Lokað
Laugardalslaug	06:30-18:00	08:00-12:30	Lokað	12:00-18:00	08:00-12:30	12:00-18:00
Sundhöllin	06:30-18:00	08:00-12:30	Lokað	Lokað	08:00-12:30	Lokað
Vesturbæjarlaug	06:30-18:00	08:00-12:30	Lokað	Lokað	08:00-12:30	Lokað

* Á öðrum dögum er opið samkvæmt hefðbundnum afgreiðslutíma*



Laugarnar í Reykjavík



www.itr.is | sími 411 5000



Helgihald í Seljakirkju um jól og áramót

Aðfangadagur:

Aftansöngur kl. 18. Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar. Blandaður kór syngur. Jólatónlist leikin á undan athöfn. Miðnæturguðspjónusta kl. 23.30. Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar. Jólatónlist leikin á undan athöfn. Einsöngur: Elín Ósk Óskarsdóttir.

Jóladagur:

Hátíðarguðspjónusta kl. 14. Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar.

Annar jóladagur.

Guðspjónusta kl. 14. Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar. Guðspjónusta í Skógarbæ kl. 16. Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar.

27. Desember.

Guðspjónusta fyrir alla fjölskylduna í samstarfi við AA-deildir í kirkjunni.

Gamlársdagur:

Aftansöngur kl. 18. Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar. Einsöng syngur Anna Margrét Óskarsdóttir.

Nýársdagur:

Guðspjónusta kl. 14. Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar. Guðspjónusta í Skógarbæ kl. 16. Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar.

Kór Seljakirkju syngur við athafnimar og organisti er Tómas Guðni Eggertsson.

Stoltur af uppbyggingu íþrótta- og tómstundamála undanfarin ár

- Rætt við Björn Gíslason, fulltrúa sjálfstæðismanna í Íþrótta- og tómstundaráði Reykjavíkur

„Uppbygging íþrótta- og tómstundamála hefur verið hröð undanfarin misseri. Það hefur veitt mér mikla ánægju að vera þátttakandi í þessu mikla starfi. Listinn er langur svo sem lesa má af þessari upptalningu; framkvæmdir og endurbætur í Bláfjöllum; skíðaskáli ÍR og Víkings; Leiknishúsið; hönnun ÍR húss; Gervigrasvöllur ÍR; rennibraut í Laugardalslaug; nýtt gervigras í Laugardal; gervigrasvöllur Víkings; battavellir við Hólabrekkuskóla, Breiðholtsskóla, Langholtsskóla, Árbæjarskóla og Hlíðaskóla; uppbyggingu lokið á Hlíðarenda; mannvirki í Úlfarsárdal hönnuð; vellir við Starhaga lokið og vellir á brennuhól í Árbæ í skipulagsferli; samningur við Fjölni og Egilshöll; útikörfubolta-völlur við Rimaskóla og samkonar völlur brátt tekinn í notkun við Hagaskóla; frístundaheimili við Kleifarsel opnað. Þetta er nokkuð til þess að vera stoltur af og til marks um öflugt starf núverandi meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur,” sagði Björn Gíslason, fulltrúi sjálfstæðismanna í Íþrótta- og tómstundaráði í samtali við Breiðholtsblaðið.

Frístundakortið eykur jöfnuð

„Frístundakortið var innleitt í Reykjavík í byrjun þessa kjörtímabils til notkunar fyrir börn á aldrinum 6 til 18 ára í fyrstu fékk hvert barn 18 þús. krónur á ári til ráðstöfunar en er nú kr. 25 þús. á ári. Meginmarkmið Frístundakortsins er að öll börn og unglingar í Reykjavík geti tekið þátt í

uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum.

Með Frístundakortinu má greiða að hluta fyrir íþrótta-, lista- og tómstundastarfsemi á vegum félaga og samtaka sem starfa í Reykjavík og nágrennasveitarfélögum.

Frístundakortið eykur jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika í iðkun íþrótta-, lista- og tómstundastarfsemi.

Framkvæmdir í Bláfjöllum og Breiðholti

Björn nefnir framkvæmdir á skíðasvæðum Reykvíkinga hafi verið miklar. Í Bláfjöllum var nýr og glæsilegur skíðaskáli ÍR og Víkings reistur í góðu samstarfi við félögin og sumarið 2008 voru settar upp tveggja kílómetra snjógirðingar í Bláfjöllum sem reynst hafa mjög vel. Í Skálafelli voru settar upp kílómeters langar snjógirðingar í sumar sem vonandi reynast jafn vel þannig að snjór haldist betur í brekkum. Það sem sé sennilega mest aðkallandi í Skálafelli sé ný þjónustumiðstöð. Í Breiðholti er unnið hörðum höndum. Gerður var samningur við ÍR um uppbyggingu á svæði félagsins í Suður Mjódd og er hönnunarvinna í gangi en gervigrasvöllur var tekinn í notkun fyrir um tveimur árum. Lokið er byggingu glæsilegs félagsheimilis fyrir Leikni í efra Breiðholti en kominn var tími á umbætur í húsnæðismálum, ekki síst búningsaðstöðu. Með þessu nýja húsi er búningsaðstaða orðin fyrsta flokks og



Björn Gíslason.

innra starf félagsins á örugglega eftir að styrkjast mikið. Frístundaheimilið Vínasel við Kleifarsel opnaði með pompi og prakt í september síðastliðnum. Það er fyrir nemendur í 1. til 4. bekk Seljaskóla auk frístundaklúbbs sem heitir Hellirinn sem er fyrir fötluð börn á aldrinum 10 til 16 ára. Jafnframt flutti Tónskóli Eddu Borg starfsemi sína í Kleifarselið. „Það er von okkar að sambúðin leiði til aukins samstarfs milli þessara aðila, sem er í samræmi við markmið Reykjavíkurborgar í málefnum tónlistarkennslu og frístundastarfs ÍTR,” segir Björn að lokum.



SUPER SUB
Nýbylavegi

Fjölskylduveisla
matur fyrir 4 með gosi
4x ís með dýfu

3490- kr.

Rennibraut
og
Boltaland

Barnapía óskast

Barnapía óskast, eldri en 16 ára, til að gæta þriggja bræðra 4, 6 og 9 ára einstaka kvöld. Strákarnir eru skemmtilegir og duglegir að sofna. Uppl. gefur Villa í s: 822 5321



Arnór L. Pálsson
framkvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson
útfararstjóri



Frímenn Andrésson
útfararþjónusta



Svafar Magnússon
útfararþjónusta

REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST



Hugrún Jónsdóttir
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta



Þorsteinn Elísson
útfararþjónusta



Ellert Ingason
útfararþjónusta

Þegar andlát ber að höndum
Önnumst alla þætti útfararinnar



ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is



Fjölbtrautaskólinn
í Breiðholti

Kvöldskóli FB

Netinnritun á www.fb.is
80 spennandi áfangar í boði

Kennsla hefst 11. janúar

www.fb.is

“Trío Villa Þ.”

“Trío Villa Þ.” skemmti íbúum Skógabæjar og þátttakendum í félagsstarfinu í Árskógi á dögunum en skemmtun þeirra er fastur liður í starfsemi Tríosins og Árskóga þegar liður að jólum. Tríoíð skipa Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, forseti borgarstjórnar, Guðmundur Hallvarðsson, fyrrum alþingismaður og Raggi Bjarna.

Undirleikari þeirra er Þorgeir Ástvaldsson, útvarps- og tónlistarmaður. Á annarri myndinni er Tríoíð á palli þar sem Raggi er forsöngvari en Vilhjálmur og Guðmundur syngja bakraddir en á hinni má sjá hluta í áheyrendum. Þess má geta að Raggi hvíldi sig á forsöngnum í einu lagi og lét forseta borgarstjórnar hlutverkið eftir og hann stóð sig með þrýði.



Gleðileg jól og gæfuríkt komandi ár!



GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVÆFI - BETRI FRAMTÍÐ



Sími 535 2500 • www.gamar.is • gamar@gamar.is

Gerðu vel við mig og mína í desember



2.400 kr.

Heimsending:

Miðlungs pizza af matseðli, 2 lítra gos, stór skammtur af brauðstöngum og sósa.



2.850 kr.

Heimsending:

Stór pizza af matseðli, 2 lítra gos, stór skammtur af brauðstöngum og sósa.



Þú sækir pizzu og stóran skammt af brauðstöngum og færð aðra pizzu sömu stærðar að auki.

Afgreiðslutími Domino's í Lóuhólum í desember:

Aðfangadag og jóladag - lokað. Annan í jólum - lokað.
Gamlársdag - lokað. Nýársdag - opið frá kl 11:00 - 22:00.



Helgihald í Breiðholtskirkju um jól og áramót

- 20. desember, 4. sd. í aðventu:**
Jólasöngvar fjölskyldunnar kl. 11
- Barnakóramir syngja • Tekið við söfnunarbaukum Hjálparstarfs kirkjunnar
- 23. desember, Þorláksmessa:**
Kyrrðarstund kl. 12
- 24. desember, aðfangadagur:**
Aftansöngur kl. 18
- 25. desember, jóladagur:**
Hátíðarmessa kl. 14. Altarisganga
- 26. desember, annar jóladagur:**
Fjölskyldu- og skírnarguðsþjónusta kl. 14
- Barnakóramir syngja • Börn flytja helgileik
- 27. desember, sd. milli jóla og nýárs:**
Tómasarmessa kl. 20
- 30. desember:**
Kyrrðarstund kl. 12
- 31. desember, gamlársgangur:**
Aftansöngur kl. 18
- 1. janúar, nýársdagur:**
Hátíðarmessa kl. 14. Altarisganga



Helgihald í Fella- og Hólakirkju um jól og áramót

- 24. desember: Aftansöngur kl. 18**
Prestur sr. Svavar Stefánsson.
Sungið verður hátíðartón sr. Bjarna Þorsteinssonar.
Fyrir athöfn leika félagar úr Lúðrasveit Vercalýðsins.
- 24. desember: Aftansöngur kl. 23:30**
Prestur sr. Guðmundur Karl Ágústsson.
Sungið verður hátíðartón sr. Bjarna Þorsteinssonar.
Nathalia Druzin Halldórsdóttir syngur einsöng.
- 25. desember: Hátíðarguðsþjónusta kl. 14**
Prestur sr. Guðmundur Karl Ágústsson.
Sungið verður hátíðartón sr. Bjarna Þorsteinssonar.
Ásdís Arnalds syngur einsöng.
- 26. desember: Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11**
Umsjón hafa sr. Svavar Stefánsson,
Þórey Dögg Jónsdóttir og Guðný Einarsdóttir.
Sögd verður saga, brúðurnar
koma í heimsókn og sungin verða jólalög.
- 31. desember: Aftansöngur kl. 18**
Prestur sr. Guðmundur Karl Ágústsson.
Sungið verður hátíðartón
sr. Bjarna Þorsteinssonar.
Elfa Dröfn Stefánsdóttir syngur einsöng.
- 1. janúar: Hátíðarguðsþjónusta kl. 14**
Prestur sr. Svavar Stefánsson.
Sungið verður hátíðartón
sr. Bjarna Þorsteinssonar.
Margrét Guðjónsdóttir syngur einsöng.

Við allar athafnir syngur Kór Fella- og Hólakirkju og leiðir almennan safnaðarsöng undir stjórn Guðnýjar Einarsdóttur, organista.



TIL UMHUGSUNAR

Eftir séra Guðmund Karl Ágústsson

Aðventa undirbúningur fyrir hvað?

Glæðilega aðventu. Það var yndislegt að vakna fyrsta sunnudag í aðventu. Úti var fyrsti snjórinn, svo hvítur og fallegur, svo bjartur og gaf von um gleðilegan tíma framundan. Nágrannar mínir kepptust við að setja upp jólaljósina. Það var gott að finna bjartsýnina í lofti og löngun til að birta lítið eitt upp í skammdeginu. Ljósið er að koma og við undirbúum okkur hið ytra fyrst. Við lýsum heiminn örliðið upp og segjum með því að við viljum lýsa upp heiminn saman. Þegar líður á desember eykst spennan og birtan verður sífellt meiri og meiri og það í myrkasta skammdeginu. Á tímum hins gamla sáttmála, tímum gamla testamentisins, voru fyrirheit gefin lýði Guðs um frelsara. Jesaja spámaður spáði þegar hann sagði: Sjá, yngismær verður þunguð og fæðir son og lætur hann heita Immanuel, sem þýðir: Guð er með oss.

Enginn veit fæðingardag frelsarans með fullri vissu, en menn völdu dag til minningar um þann atburð. Dag, sem hafði táknræna merkingu: Stysta dag ársins sem er 21. desember vetrarsólstöður. Hjá okkur hér í norðrinu er sólin örfáa tíma á lofti, síðan tekur daginn að lengja. Frelsarinn var hin raunverulega sólarupprás fyrir heiminn Ljós heimsins. Þá jókst birta sólar æ meir. Myrkrið gat ekki sigrað sólina. Drottinn sigraði dauðann.

Við eigum eftirvæntinguna innréttaða í hjarta. Vonina. Maðurinn veslast upp ef hann hættir að vona og vænta. Þá visnar lífsþráður hans, sem bindur í fléttu sál og líkama.

Augun hætta að gleðjast, byrja að grána með hversdagsleikanum. Við verðum að halda í vonina, hún er andleg móðurmjólk. Hún er tengd kristni.

Menn biðu frelsarans lengi og við höldum áfram að biða þótt hann fari ekkert, sé alltaf nálægur. Við erum alltaf börn í hjarta þótt búkur láti á sjá. Fátt er það sem gleður okkur og vekur barnslega eftirvæntingu, meir en aðventan. Þrá eftir kærleika og fúsa þrá eftir að geta sýnt öðrum kærleik. Það er svo einkennilegt og kannski

ekki hve allir virðast vilja vera betri við hvern annan, og hugsa um þá sem minna mega sín.

Í nafni Hans byrjum við að halda aðventuna á dimmustu dögum ársins. Þetta er tími eftirvæntingar og gleði, tími gjafa í nafni elsku og vináttu. Sum okkar kvíða árlega fargi þessara daga og kvarta sáran og segjast ekki hafa vilja til að halda jól, hafi ekki efni á því að halda jól.

En jú, öll getum við gefið hvert öðru dýrmætar gjafir: Við getum gefið hlýtt handtak, fallett bros, orð búin til úr varma, vináttu gjörða úr hjartablóði.

Jesúbarnið í jötunni frægu, er lifandi tákn um gæsku Guðs, von um framtíð án enda. Hvað er að óttast? Með trú og von og kærleik í hjarta: Hvað er að óttast?

Eftirvæntingin deyr aldrei.

Aðventan er komin í öllu sínu veldi, og það er verið að undirbúa komu jólabarnsins. Litill drengur horfir á foreldri sín vera að þvo og pússa í sífellu, og hraðinn er gifurlegur og spennan yfirþyrmandi. Hann biður þau um að lesa fyrir sig jólasögu. En fær þau svör, að það sé enginn tími. Jólin séu að koma. Vill hann ekki bara setjast niður og teikna? Jesú, til dæmis? Og honum er fengið blað og litir.

Eftir drygklanga stund er myndin tilbúin. Og aftur spyr hann pabba og mömmu, hvort þau vilji nú ekki lesa fyrir sig. En svarið er eins og fyrr. Elsku vinurinn, það er verið að undirbúa jólin. Vill hann ekki teikna aðra mynd? Jólaundirbúninginn, til dæmis? Nokkur stund líður, og myndin er tilbúin. Og aftur reynir drengurinn að fá þau til að lesa fyrir sig. En allt er við það sama. Og við hverja spurningu og neitun festist ný mynd á blaðið.

Loks kemur að því, að mamma og pabbi taka sér pásu, úrvinda af þreytu, og nota þá tækifærið og biðja um að fá að sjá, hvað drengurinn sé búinn að teikna og lita. En þau reka upp stór augu, er þau sjá blaðið. Þar er urmull lítilla mynda, hver um aðra þvera: mamma að sópa, pabbi að negla, mamma að skúra, pabbi að skipta um ljósaperu, mamma að ryksuga, pabbi að fara út með ruslið,

mamma að vaska upp, pabbi að leggja sig...

“Já, en hvar er myndin af Jesú?” er spurt. Og drengurinn svarar: “Ja, sko, hún lenti undir öllum hinum. Eg byrjaði á því að teikna hann, en svo teiknaði ég aðra mynd, og svo fleiri, og allt í einu var Jesús horfinn.”

Mamma og pabbi litu hvort á annað, og gáfu sér nú loksins tíma með drengnum sínum, og lásu fyrir hann jólasöguna.

Þegar aðfangadagur rennur upp fær kirkjan tækifæri til að tala við fólk - og líka við þá sem fara í kirkju á jölum af þeirri einu ástæðu að það sé jólalegra.

Frá kirkjunni ómar boðskapur kristinnar trúar. Skapari veraldar, sá sem hefur kallað allt fram á sjónarsvið sögunnar, kom og kemur inn í heiminn í persónu Jesú frá Nasaret. Það er gömul saga en aldrei of oft sögð að umgerð þeirrar komu er í hrópandi mótsögn við líf þorra fólks á Vesturlöndum: Fátæk kona af efnislegum gæðum en auðug af andlegum því hún nýtur náðar Guðs elur barn í gripahúsi, því hvergi var rúm annars staðar. Svo er enn víða - hvergi rými fyrir Guð kristinnar trúar.

Kristnir menn setja upp hjá sér margvísleg trúarleg tákn um aðventu og jól eins og aðventukrans, jötu, engla og fjárhirða. Þessi tákn minna á boðskap trúarinnar og fólki þykir gott að hafa þau hjá sér - þau tilheyra jölum. En Jesús er ekki í jötunni þó svo mynd hans sé greypt í hana hann er ekki fangaður í hlutum, það er enginn sem á hann eins og hverja aðra fasteign. En táknin tala, hrópa og benda á. Jesúbarnið í jötunni - í umkomuleysinu - hrópar til heimsins. Guð hefur vitjað manna- hann elskar heiminn og vill breyta honum með þér. Hvernig? kann einhver að spyrja og svarið er: að hver og einn gangi um hér í heimi með mildi barnsins í huga og verki.

Biðjum Drottinn að leiða okkur og undirbúa okkur þannig að hann sjálfur verði lifandi á meðal okkar. Og að við finnum elsku hans á meðal okkar.

Guð blessi ykkur og gleðilega jólahátíð!

Algerlega ný hönnun heyrnar-tækja.

Tækið sem enginn verður var við.

be by ReSound™ er nýjasta tæknibyltingin í heyrnartækjum, hönnun þeirra byggir á algerlega nýrri hugsun. Þau eru hulin í eyrunum og eru svo létt og þægileg að notandinn gleymir því að hann er með þau og aðrir taka heldur ekki eftir þeim.

be by ReSound™ er algerlega nýtt úrræði fyrir þá sem þurfa að nota heyrnartæki

be

Heyrnþjónustan
HEYRN

Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur - heyrn.is

Tímapantanir 534 9600



be by ReSound
eru vart greinanleg
í eyrunum

Marta Guðjónsdóttir, varaborgarfulltrúi skrifar:

Skemmtilegt að lesa

Samvera fjölskyldunnar er aldrei meiri en einmitt á aðventunni. Undirbúningur jólaanna er í fullum gangi og fjölskyldur koma saman til að baka, skera út laufabrauð, föndra og búa til jólaskreytingar svo eitthvað sé nefnt. En aðventan er líka tími bóka því þá koma út jólabækurnar sem allir bíða spenntir eftir og sú skemmtilega hefð er á Íslandi að bókaútgáfa er mest á þessum árstíma. Foreldrar ættu að nýta samverustundir fjölskyldunnar á

aðventunni til að lesa fyrir börnin og ýta undir áhuga þeirra á lestri góðra bóka. Lestur eykur orðaforða barna og málvitund, og sýnt hefur verið fram á að þau börn sem lesa mikið gengur betur í námi. Hægt er að ýta undir áhuga barna á bókum með ýmsum hætti t.d. með því að fara með þau á bókakynningar sem eru víða í boði fyrir jólin og síðast en ekki síst í heimsókn á bókasafn þar sem oft er boðið upp á sögulestur og þeim gefst tækifæri að

velja sér bækur sjálf. Lestur getur verið gæðastund fjölskyldunnar og gert það að verkum að börnunum finnst skemmtilegt að lesa.



Marta Guðjónsdóttir.



Jólagjöf veiðimannsins

32 vatnasvæði á aðeins kr. 6.000

www.veidikortid.is

Fæst hjá N1, veiðivöruslunum, www.veidikortid.is og víðar

leggings • bolir • peysur • gallabuxur • töskur • kápur • treflar

SOHO MARKET

BEST GEYMDA LEYNDARMÁLID VIÐ GRENSÁSVEG

TÍSKUVÖRUR Á ÓTRÚLEGU VERÐI



Sohomarket Jóna Lár á Facebook • sími 897 8666

úr og skart • herra/dömunærbuxur • ermahnappar • ýmislegt fyrir krakkana

Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför



Sverrir Einarsson



Hermann Jónasson



Jón G. Bjarnason



Bryndís Valbjarnardóttir



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is

Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt

Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkyningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is

Vaktsími: 565 5892 & 896 8242 • Sólarhringsvakt

Komum heim til aðstandenda ef óskað er

NOTUÐ FÖT - NÝTT HLUTVERK!

Breiðholtsbúar

Velkomnir í Rauðakrossbúðina í Mjódd

Notuð föt - skór - leikföng og margt fleira

Enn vantar nokkra sjálfboðaliða til afgreiðslustarfa.

Upplýsingar gefa:
Örn í síma 894-1953
Sigrún í síma 861-4919

Opið alla virka daga frá 10:00 til 18:00
Laugardaga er opið 12:00 til 16:00

Frábæru ÍM 25 lokið



Dagana 19. til 22. nóv var Íslandsmeistaramótið í 25 metra laug haldið hér í Laugardalnum. Ægiringar voru þar fjölmennir eða rúmlega 30. Ægiringar áttu þarna stórkostlegt mót og árangurinn frábær.

Jakob Jóhann Sveinsson setti þrjú Íslandsmet á mótinu en hann setti Íslandsmet í 50, 100 og 200 m bringusundi. Sigrún Brá Sverrisdóttir átti einnig frábært mót en hún setti Íslandsmet í 400 og 800 m skriðsundi auk þess að vera í boðsundsveitinni sem setti þrjú Íslandsmet um helgina. Eygló Ósk Gústafsdóttir var heldur betur á góðri siglingu þarna á mótinu en hún setti hvorki meira né minna en átta telpnamet og eitt stúlknamet auk þess að synda í boðsundssveitinni sem setti þrjú Íslandsmet. Frábær árangur hjá þessari ungu sundkonu og verður spennandi að fylgjast með henni í framtíðinni. En heildarniðurstaða félagsins á mótinu voru þrettan Íslandsmeistaratilur, þar af átta Íslandsmet, sex silfur og fjögur brons, en Ægiringar áttu líka sundmenn í úrslitum í nánast öllum greinum mótsins.

Á lokahófi ÍM var svo Jakob Jóhann valinn maður mótsins auk þess sem hann átti stíga-hæsta sundið í karlaflokk. Þar voru þjálfararnir okkar líka kosnir þjálfarar ársins. En Ragnar Friðbjarnarson var valinn barna- og unglingaþjálfari ársins og Jacky Pellerin unglinga- og fullorðins þjálfari ársins. Það má því með sanni segja að á þessu móti hafi Ægiringar verið að uppskera vel eftir mikla og góða vinnu undanfarið og stefnan sett á að gera enn betur á ÍM50 í vor. Núna fyrstu helgi desember mánaðar héldu svo tveir Ægiringar á NMU (norðulanda-meistaramót unglinga) í Nor-egí en það voru þau Eygló Ósk Gústafsdóttir og Anton Sveinn McKee. Þeim gekk ágætlega á



Jakob Jóhann Sveinsson.



Sigrún Brá Sverrisdóttir.



Eygló Ósk Gústafsdóttir.

þessu móti þó þau væru örlítið frá sínum bestu tímum enda áttu þau langt ferðalag að baki þegar mótið hófst. Eygló varð þó í 3. sæti bæði í 800 m skriðsundi og 200 m baksundi eftir glæsilegan endaspætt. Stóru krakkarnir verða svo í ströngu sundþrógrammi milli jóla og nýárs á meðan þau yngri fá frí frá æfingum. En næsta stórmót á dagskránni er RIG (Reykjavík international games) sem Ægiringar standa fyrir í janúar.

RG.



Boðsundssveit Ægiringa sem setti 2 Íslandsmet.

Flugeldasala Leiknis

Kæru Breiðhyllingar

Líða fer að jólum og hátíð fer í hönd. Við hjá Íþróttafélaginu Leikni erum komin í hátíðarskap og erum í óðaönn að skipuleggja hina árlegu flugeldasölu okkar. Flugeldasalan hefur í gegnum árin verið lífæð knattspyrnu-deildar okkar og hafa Breiðhyllingar stutt vel við bakið á okkur. Það vita allir að rekstur knatt-

spyrnuliða er orðinn strembnari en áður var og hvetjum við því alla Breiðhyllinga, nær og fjær, til að versla hjá okkur. Oft hefur verið þörf en nú er nauðsyn. Flugeldasalan hefst mánudaginn 28. desember og stendur fram að gamlársgang. Opnunartími er frá 10-22 alla daga nema til 16:00 á gamlársgang. Eigið gleðileg jól kæru vinir.

Með Leikniskveðju.

Minningarorð um Hlyn Þór Sigurðsson

Eins og ÍR-ingar sem og aðrir landsmenn hafa orðið varir við, misstum við góðan dreng þann 25. nóvember síðastliðinn þegar Hlynur Þór féll frá á knattspyrnuæfingu hjá okkur. Allir þeir sem fengu þann heiður að kynna Hlyn eru sammála um að hér var góður drengur, heiðarlegur og samviskusamur sem allir ÍR-ingar gátu verið stoltir af. Hann vildi öllum vel í einu og öllu og lagði sig ávallt vel fram í þeim verkum sem hann tók að sér. Hlynur var aðstoðarþjálfari í knattspyrnunni hjá ÍR, hafði unnið hér á Íþrótt- og leikjanámskeiði og dæmdi hjá yngri flokkum félagsins. Hann var alltaf reiðubúinn í þá vinnu sem óskað var eftir að fá hann í, því hann hafði brennandi áhuga á starfinu hjá ÍR. Foreldrar Hlyns hafa sagt að fótboltinn hafi ávallt gengið fyrir og annað mátti sitja

á hakanum, rétt eins og kvöldið sem hann dó, en þá kallaði námið á hann enda stutt í próf.

Við hjá ÍR syrgjum góðan dreng og minning hans mun lifa áfram hér hjá félaginu eins lengi og það verður til. Hlyn verður alltaf minnst sem góðs drengs hjá ÍR.

Ég vil fyrir hönd Íþróttafélags Reykjavíkur þakka öllum sem lögðu hönd á plóginn við að létta undir með okkar fólki sem hefur átt um sárt að binda undanfarnar vikur. Fólk innan félagsins stóð þétt upp við hvort annað og veitti hvort öðru ómetanlegan stuðning. Starfsfólk, þjálfarar, 2. flokksráð og aðrir meðhöndluðu málið af mikilli kostgæfni og fagmennsku. Á þetta fólk allt miklar þakkir skilið.

Allir hjá ÍR vilja votta Sigurði, Aðalheiði, Arnþóri og Kristjáni samúð sína sem og öðrum í fjöl-



skyldu Hlyns og megi Guð hjálpa ykkur í þessari miklu sorg.

Fyrir hönd Íþróttafélags Reykjavíkur
Hörður Heiðar Guðbjörnsson
Framkvæmdastjóri

GERÐUBERG
Menningarmiðstöð

2009

Skötu.veisla

Bjóðum líka upp á saltfisk og plockfisk með okkar rómaða heimagerða rúgbrauði.

Stórglæsilegt skötuhlaðborð á Þorláksmessu í kaffihúsi Gerðubergs frá kl. 11-14

Almennt verð kr. 2.500

Sími 863 9217

- Verð til aldraðra og öryrkja kr. 1.850
- **ATH:** Verðskrá Velferðarsviðs gildir í hádegi kr. 550 máltíðin (miðinn.) Mismunur kr. 1.300 greiðist við kassann.
- Miðar eru seldir í Félagsstarfinu Gerðubergi 1. hæð.

Gerðubergi 3-5 | 111 Reykjavík | Sími 575 7700 | Netfang: gerduberg@reykjavik.is | www.gerduberg.is

Höfum allt í jólapakkann!

Sportvörur og leikföng

ÍR- og Leiknisvörur

Mikið úrval af vörum úr enska boltanum

Leiksport

Sími 5575020

Hólagarði

Dórothea Jóhannesdóttir ný inn í ÍR-OL 2012 hópinn

Dórothea Jóhannesdóttir, 15 ára frjálsíþróttastúlka, náði þann 21. nóvember sl. B-viðmiði inn í ÍR-OL2012 hóp Frjálsíþróttadeildar ÍR. Árangrinum náði hún í 60m spretthlaupi á Silfurleikum ÍR en tíminn sem hún hljóp á var 7,97 sekúndur sem var bætting á hennar besta árangri um 17/100 s sem er töluvert í svo stuttu hlaupi.

Dórothea á mjög frambærilegan árangur í fleiri greinum og er

með lágmark í Afrekshóp unglinga Frjálsíþróttasambands Ísland í 100 m, 200 m, langstökki, hástökki og þristökki sem segir mikið til um getu hennar og fjölhæfni. Dórothea er í efsta sæti á afrekaskrá 2009 í meyjaflokki í 100 m og 200 m utanhúss og í hástökki innanhúss.

Dórothea Jóhannesdóttir.



14. Silfurleikar ÍR

14. Silfurleikar ÍR í frjálsíþróttum fóru fram í Laugardalshöllinni 21. nóvember en mót-ið hefur verið stærsta barna- og unglíngamót hausttímabilsins í frjálsíþróttum á Íslandi alla tíð síðan.

Silfurleikarnir er haldnir til að minnast einstaks árangurs Vilhjalms Einarssonar á Ólympíuleikunum í Melbourne í nóvember 1956 þegar hann hlaut silfurverðlaun í þristökki og hefur þristökki verið gert mjög hátt undir höfði á mótinu af þeim sökum.

Keppendur
571 keppendur á aldrinum 5 til

16 ára mættu til leiks frá 20 sam-böndum og félögum. Flestir voru keppendurnir frá ÍR eða 185 talsins, FH-ingar voru 80 og Breiðablik sendi 70 keppendur. Ármenn-ingar og Fjölismenn voru nærri 50 talsins auk þess sem fjöldi öfl-ugra og efnilegra krakka utan af landi sýndu góða takta. Skráning-ar voru 1769 talsins sem þýðir að hver keppandi hafi að meðaltali tekið þátt í þremur greinum en ef að þátttakendur í þrautabrautinni eru dregnir frá þá kemur í ljós að keppendur 9 ára og eldri hafi að meðaltali verið að taka þátt í 3,8 grein hver keppandi.

Árangur & Íslandsmet
Þó svo að sigur og árangur sé ekki aðal keppikeflið heldur að taka þátt og eiga góða stund með fjölskyldunni og vinunum þá er góður árangur ávalt skemmtilegur bónus. Þrjú Íslandsmet féllu og komu tveir ÍR-ingar þar við sögu. Það voru þau Arna Stefanía Guðmundsdóttir 14 ára sem sett nýtt íslenskt meyjamet í þristökki 11,33 m og bætti gamla metið um hvorki meira né minna en 56 cm. Hún setti einnig met í 200m hlaupi 26.21 sek og bætti gamla metið um 4/100 sek. Arnar Orri Sveinson 14 ára í 200 m hlaupi 24.81 sek en gamla metið var 24.88 sek.

Alþjóðlegt keppnisfyrirkomulag fyrir þau yngstu

Nýtt fyrirkomulag var tekið upp í keppni átta ára og yngri og var um að ræða nýtt alþjóðlegt keppnisfyrirkomulag þar sem sett var upp svokölluð þrautabraut þar sem börnin takast á við mismunandi þrautir í formi spretthlaupa, grindahlaupa, þol-hlaupa, stökka og kasta.

Yngstu börnin keppa eingöngu

í tíu manna liðum og enginn einstaklingsárangur var skráður en allir keppendur fengu verðlauna-pening sem viðurkenningu fyrir þátttökuna. Íslendingar eru meðal þeirra fyrstu til að aðlaga sig að nýju keppnisfyrirkomulagi Alþjóða frjálsíþróttasambandsins IAAF sem nú er verið að kynna út um allan heim. 83 þæjur og 62

pollar tóku þátt í þrautabrautinni ásamt fjölda foreldra og liðsstjóra sem fylgdu þeim í gegnum þrautirnar. Það er ljóst að þrátt fyrir kreppu og erfiðleika þá eru Silfurleikarnir í stöðugri sókn og skipa mikilvægan sess í frjálsíþróttastarfi í landinu. Góð samverustund ungra og eldri enda geta allir tekið þátt í frjálsum.

Starf skíðadeildarinnar komið á fullt

Um helgina 4. til 6. des. sl. var farið í æfingarferð með 13 ára og eldri norður á Akureyri og skíðað í Hlíðarfjalli þar sem aðstæður voru frábærar.

Einnig var námskeið fyrir þjálf-ara í Hlíðarfjalli sem Skíðaráð

Reykjavíkur stóð fyrir og var norðmaðurinn Björn Myhre með námskeiðið en hann er faðir Lars Elton Myhre sem keppir í heimsbikarnum. Einnig var farið norður helgina 11.-12. des. og voru 13-14 ára yfir helgina en 15 ára

og eldri verða fram að jólum við æfingar og keppni á Akureyri.

Hlökkum til að sjá ykkur á skíðum í vetur.

Jólaþveðja frá Skíðadeild ÍR

Tilraunaverkefni hjá ÍR

Hjá ÍR stendur til að bjóða upp á nýja leikfimi sem reynir á alla vöðva líkamans gegn vægu gjaldi.

Tímarnir sem verða bæði í boði frá kl. 07:00 til 08:00 og 12.00 til 13.00 á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum. Tímarnir verða miðaðir við að koma lítt hreyfðum vöðvum í gang að nýju. Mikil áhersla verður á að ná hámarksárangri, með því markmiði samt að mæta einstaklingunum með sínar þarfir. Yfirþjálfari verður Björn H. Halldórsson, sem er menntaður einkaþjálfari og er yfirþjálfari Júðódeildar ÍR 4. dan.

Karlar og konur á öllum aldri eru velkomnir og hvött til að koma sér í það líkamlega ástand sem það kannski hefur lengi dreymt um að ná í langan tíma. ÍR mun

tryggja faglega nálgun og vilja til að vinna með ykkur að markmiðum ykkar. Félagið er með þessu að auka enn á þjónustu sína við hverfið okkar. Tökum höndum saman í uppbyggingu á félaginu okkar og í samstarfi um bættu heilsu ykkar og vellíðan. Þess má geta að hluti af tímunum verður

í bland við fallæfingar og sjálfs-vörn. Ef það eru einhverjar frekari spurningar er um að gera að hafa samband við Björn þjálf-ara í síma: 896-3035 eða með því að senda tölvupóst á netfangið: judoka@simnet.is Námskeiðið hefst á nýju ári.

Heimasíða ÍR er
www.irsida.is

Þar er hægt að nálgast allar helstu upp-
lýsingar um æfingatíma keppnir o.fl.

Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Myndsími: 587 7081
Tölvupóstur: iradal@isholf.is
Heimasíða: irsida.is

Íþróttamenn ÍR 2009

Dansdeild: Þórður Arnar Árnason Mónika Rós Steingrimsdóttir	Skíðadeild: Helga María Vilhjalmsdóttir Einar Kristinn Kristgeirsson
Handknattleiksdeild: Arnór Stefánsson Guðrún Ágústa Róbertsdóttir	Frjálsíþróttadeild: Jóhanna Ingadóttir Einar Daði Lárusson
Körfuknattleiksdeild: Steinar Arason	Keiludeild: Guðný Gunnarsdóttir Halþór Harðarson
Knattspyrnudeild: Árni Freyr Guðnason Helga Dagný Bjarnadóttir	Júðódeild: Gísli Haraldsson Ásdís Ólafasdóttir
	Taekwondodeild: Stefán Steinar Ólafsson Auður Elva Vignisdóttir.

Uppskeruhátíð á döfinni

Uppskeruhátíð 2009 hjá meistara- og unglíngaflokki frjálsíþróttadeildar verður haldin sunnudaginn 20. desember kl. 16 í ÍR-heimilinu.

Þar verður slegið á létta strengi, viðurkenningar afhentar og boðið verður upp á léttar

veitingar. Samkoman er frábært tækifæri til að hrista betur saman meistaraflokkinn og unglíngaflokkinn, mynda stemningu fyrir innanhústímabilið og fagna árangri liðins árs í góðra vina hópi.

Íþróttafélag Reykjavíkur óskar öllum
ÍR-ingum, Breiðhyllingum sem
og öðrum landsmönnum
gleðilegra jóla og
farsældar á nýju ári.







Opnunartímar:
Mánud. Þriðjud og Miðvikud.
12:00 til 15:00
Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30
Föstudaga
13:00 til 20:00
Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00
Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00

Sími: 588 9705
www.skautaholl.is



GETRAUNANÚMER ÍR ER 109

FEGURÐ SEM HRÍFUR

NIVEA

PURE DIAMOND
COLLECTION

SKARTAÐU
ÞÍNU
FEGURSTA

MEÐ PURE DIAMOND
FÖRÐUNARLÍNUNNI

